

# HENGILL

## Hengill og umhverfi Fornleifaskráning

Kristinn Magnússon



Rammaáætlun



Fornleifavernd  
ríkisins

2008:9



Forsíða: Ljósmynd af Stekkatúni, kort af Hengilssvæðinu, LMÍ.  
© 2008 Fornleifavernd ríkisins/ Kristinn Magnússon  
Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:9  
Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir  
Öll réttindi áskilin  
ISSN 1670-6846  
ISBN 978-9979-9906-0-4

Prentun: Nón og Leturprent

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	5
2	Hengilssvæðið.....	7
2.1	Marardalur – afrétt .....	8
2.2	Hellir sunnan Marardals – útilegumannaminjar .....	11
2.3	Hellir sunnan Marardals – útilegumannaminjar .....	13
2.4	Hellir í Innstadal – útilegumannaminjar .....	14
2.5	Sæluhús við Draugatjörn .....	15
2.6	Réttin við Draugatjörn.....	19
2.7	Kolviðarhóll – býli/sæluhús .....	20
2.8	Búasteinn - sögustaður.....	25
2.9	Hellurnar sæluhús og vörður.....	26
2.10	Eiríksbrú - vegagerð .....	30
2.11	Þjóðleið frá lokum 19. aldar .....	32
2.12	Þrengslavegur.....	32
2.13	Lágaskarðsvegur (Sanddalaleið).....	33
2.14	Leiðin Milli hrauns og hliðar .....	34
2.15	Vörðuð leið.....	35
2.16	Skógarmannavegur .....	36
2.17	Rétt við Orustuhól .....	37
2.18	Áveita.....	38
2.19	Tvö byrgi á Innbruna .....	39
2.20	Undir Litla-Meitli – rétt/aðhald .....	41
2.21	Þorlákshafnarsel – Sel.....	43
2.22	Ölkelduhálsrétt .....	45
2.23	Öxnalækjarsel, Neðrasnið og Efrasnið.....	47
2.24	Lambabyrgi.....	49
2.25	Nikulásartóft .....	51
2.26	Fjárhústóft á Hofmannaflöt .....	53
2.27	Tóftir á Stekkatúni .....	54
2.28	Tóftir undir Vesturmúla .....	56
2.29	Tóftir undir vesturhlið Reykjafjalls .....	59
2.30	Leið og minjar í kringum Stekkjarhól austan Hveragerðis.....	62
2.31	Sogn í Ölfusi. Bæjarhóll og minjar tengdar búskap .....	65
2.32	Kot í landi Sogns.....	70
2.33	Seldalur – selstaða frá Bakkárholti .....	71
2.34	Gljúfursseldalur – selstaða frá Sogni .....	73
3	Niðurstöður.....	75
4	Heimildaskrá .....	79
5	Viðauki 1. Listi yfir skráðar fornleifar á rannsóknarsvæði.....	81

## Myndaskrá

Mynd 1. Afmörkun rannsóknarsvæðis ofan á Atlas-kort frá LMÍ.....	7
Mynd 2. Marardalur. Horft til suðurs. Kristinn Magnússon 2008.....	8
Mynd 3. Staðsetning minja í Marardal. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	9
Mynd 4. Vörslugarður (nr. 558) í Marardal. Kristinn Magnússon 2008. ....	10
Mynd 5. Hellisskúti (nr. 876) í Marardal. Kristinn Magnússon 2008. ....	11
Mynd 6. Hellir (nr. 561). Kristinn Magnússon 2008. ....	12
Mynd 7. Hellir (nr. 562). Kristinn Magnússon 2008. ....	13
Mynd 8. Tóft sæluhúss og túngarður við Draugatjörn. Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	15
Mynd 9. Sæluhús við Draugatjörn. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	17
Mynd 10. Minjar við Draugatjörn. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	18
Mynd 11. Rétt við Draugatjörn. Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	19
Mynd 12. Minjar við Kolviðarhól. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	20
Mynd 13. Tóftir á bæjarhól Kolviðarhóls. Horft í austur. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	22
Mynd 14. Bæjarstæði við Kolviðarhól. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	23
Mynd 15. Útihús við Kolviðarhól. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	24
Mynd 16. Búasteinn er fyrir miðri mynd í hliðinni. Hellisskrarð er hægra megin á myndinni. Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	26
Mynd 17. Leiðir á skráningarsvæðinu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	27
Mynd 18. Gamla leiðin, Hellurnar, á Hellisheiði. Kristinn Magnússon 2007. ....	28
Mynd 19. Hellukofinn. Kristinn Magnússon 2004. ....	29
Mynd 20. Eiríksbrú. Horft í átt að Hellisskarði. Kristinn Magnússon 2008. ....	30
Mynd 21. Aðhald eða hestaskjól við Eiríksbrú. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	31
Mynd 22. Vörðuð leið, nýleg, austan við Hellurnar. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, Kristinn Magnússon, 2008. ....	35
Mynd 23. Sýnir staðsetningu áveituskurða við Hengladalaá. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	38
Mynd 24. Áveituskurður. Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	39
Mynd 25. Tvö skyli milli Litla-Meitils og Sanddalahlíðar. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmyndir frá Loftmyndum ehf. ....	40
Mynd 26. Byrgin tvö milli Litla-Meitils og Sanddalahlíðar. Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	41
Mynd 27. Aðhald (nr. 359) undir Litla-Meitli. Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	42
Mynd 28. Minjar við Litla-Meitil og Votaklett. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmyndir frá Loftmyndum ehf. ....	43
Mynd 29. Þorlákshafnarsel eða Hafnarsel. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	44
Mynd 30. Tóftir Þorlákshafnarsels. Sólborg Una Pálsdóttir 2008. ....	45
Mynd 31. Ölkelduhálsrétt. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. ....	46
Mynd 32. Ölkelduhálsrétt. Horft í austur. Ölkelduhnúkur til hægri og Ölkelduháls til vinstri. ....	47
Mynd 33. Öxnalækjarsel. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	48
Mynd 34. Öxnalækjarsel. Rústirnar sjást sinhvoru megin í lautinni. Þjóðvegur 1 og Hveragerði í baksýn. Kristinn Magnússon 2008. ....	49

Mynd 35. Lambabyrgi (750) og Nikulásartóft (751). Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	50
Mynd 36. Lambabyrgi. Kristinn Magnússon 2008. ....	51
Mynd 37. Nikulásartóft. Kristinn Magnússon 2008. ....	52
Mynd 38. Tóft á Hofmannaföt. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. ....	53
Mynd 39. Stekkatún eða Grændalsvellir. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	54
Mynd 40. Tóftir á Stekkatúni fyrir miðri mynd. Ármót Grændalsár og Hengladalaár og hesthúsahverfi Hvergerðinga í baksýn. Kristinn Magnússon 2008. ....	55
Mynd 41. Nyrðri tóftin undir Vesturmúla. Uppmæling Kristinn Magnússon 2008. ....	56
Mynd 42. tóftin undir Vesturmúla. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. ....	57
Mynd 43. Minjar norðan við hesthúsahverfi. Loftmynd frá Loftmynd ehf. ....	58
Mynd 44. Staðsetning fornleifa undir vesturhlíð Reykjafjalls. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	59
Mynd 45. Tóft við garðyrkjuskólann. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	60
Mynd 46. Tóftir við Stórkonugil. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	61
Mynd 47. Götur og minjar við Stekkjarhól. Uppmæling Kristinn Magnússon, Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	62
Mynd 48. Tóft og þústir við Vallagil. Uppmæling Kristinn Magnússon, Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	63
Mynd 49. Tóft við Eystri-Múla. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	64
Mynd 50. Stekkjartóft í Vallargili. Kristinn Magnússon 2008. ....	65
Mynd 51. Staðsetning minja bæjarins Sogna og Kots í landi Sognar. ....	66
Mynd 52. Bæjarhóll og tóftir í landi Sogns. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	67
Mynd 53. Minjar Kots í landi Sognar. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	70
Mynd 54. Sel í Seldal. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	71
Mynd 55. Rústir sels í Seldal. Horft í suðaustur í átt að fjallinu Sogni. ....	72
Mynd 56. Sel í Gljúfurseldal. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. ....	73
Mynd 57. Rústir sels í Gljúfurseldal. Fjallið Sogn í baksýn. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. ....	74



# 1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem fallið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um 1. hluta rammaáætlunar og lauk hún störfum árið 2003. Í 1. hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir árslok 2009. Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur I sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.

Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á þessum skorti. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í 1. áfanga byggði því ekki á vettvangsrannsóknum og veikti það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við 2. áfanga hófst var því ákveðið að framkvæma fornleifaskráningu á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.

Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsólk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á síðasta ári BA prófs í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóvember 2008.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um háhitasvæði á Hengilssvæðinu.


Fornleifaskráning hefur verið gerð í Hveragerði. Fornleifastofnun Íslands ses skráði. Til eru tvær skýrslur þar sem gerð er grein fyrir skráningunni: Fornleifaskráning í Hveragerði. Elin Ósk Hreiðarsdóttir. Reykjavík 2002. Og Fornleifar í Hveragerði austan Varmár. Adolf Friðriksson og Elin Ósk Hreiðarsdóttir. Reykjavík 2006. Ekki var talin ástæða til að skrá þetta svæði að nýju í tengslum við athugun á fornleifum á Hengilssvæðinu enda engar líkur á að háhitavirkjun verði reist í þéttbýli Hveragerðisbæjar. Fornleifar utan þéttbýlisins voru þó skráðar svo og nokkrar fornleifar sem ekki höfðu verið teknar með í fyrri skráningu.

Árið 1998 skráði Fornleifastofnun Íslands ses fornleifar á Hengilssvæðinu. Skráningin var kostuð af Hitaveitu Reykjavíkur en Árbæjarsafn hafði umsjón með verkefninu af hálfu Reykjavíkurborgar. Síðan þá hefur mikið verið framkvæmt í tengslum við uppsetningu Hellisheiðarvirkjunar. Nokkrar greinargerðir og skýrslur hafa verið unnar um fornleifar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á svæðinu. Þessi

gögn hafa verið notuð til hliðsjónar við fornleifaskráningu á svæðinu að þessu sinni og víða er vitnað til þeirra.

Um vettvangsvinnu nú sáu Kristinn Magnússon, Sólborg Una Pálsdóttir og Jórunn Magnúsdóttir starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, sumarið 2008. Á vettvangi voru minjarnar mældar upp með Trimble ProX GPS-tæki og ljósmyndaðar. Þá var ástand minjanna kannað og varðveislugildi minjanna metið. Við þá vinnu var stuðst við skráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins. Allar upplýsingarnar voru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn Fornleifaverndar ríkisins og sá Sólborg Una Pálsdóttir um þann hluta verksins. Skýrslugerð var í höndum Kristins Magnússonar og Sólborgar Unu Pálsdóttur. Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir.

## 2 Hengilssvæðið



Mynd 1. Afmörkun rannsóknarsvæðis ofan á Atlas-kort frá LMI.

Í norðvestri liggur Hengilssvæðið nokkuð vestur fyrir Marardal. Þaðan í suður um Bolavelli, vestan Húsmúla. Suður fyrir Húsmúla í átt að Sleggjubeinsdal. Þá suður með Stóra-Reykjafelli að vestanverðu og milli Stakahnjúks og Lakahnjúka. Áfram í suður um Stóra-Meitil, Eldborg og Litla-Meitil og að norðurhlíðum Krossfjalla. Þaðan til vesturs að Lönguhlíð. Sveigir síðan aftur til norðurs um Sanddalahlíð, Stóra-Sandfell og Lakakróka. Þá til austurs um Hverahlíð í átt að Kambabrún. Frá Kambabrún í suðaustur milli Hveragerðisbæjar og bæjarhúsanna í Vorsabæ. Um land jarðanna Sogns og Gljúfurs að Kaga í Ingólfsfjalli norðaustanverðu. Mörk sveitarfélaganna Ölfus og Grímsnes- og Grafningshrepps liggja um Kaga. Rannsóknarsvæðið fylgir sveitarfélagamörkunum til norðvesturs sunnan Stórahálsfjalls, um Efjumyri, Klóarfjall og á Tröllháls. Þá til vesturs norðan Ölkelduhálsnúks og loks í norðvestur að Hengli og í Marardal.

Svæðið tilheyrir þremur sveitarfélögum, Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ og Grímsnes- og Grafningshreppi. Landfræðilega er það tvískipt, Hellsheiðin og fjallendið

norðan og norðvestan við Hveragerði og láglandið þar sem Hveragerðisbær og bújarðirnar austur af Hveragerði liggja. Jörðin Reykir í Hveragerðisbæ er innan svæðisins. Stórir hlutar jarðarinnar Sogns og nyrsti hluti Gljúfurjarðarinnar í Sveitarfélaginu Ölfusi eru einnig innan svæðisins.

## 2.1 Marardalur – afrétt



Mynd 2. Marardalur. Horft til suðurs. Kristinn Magnússon 2008.

### Heimildir

Marardalur er vestan í Henglinum. Dalurinn hefur einnig verið nefndur Maradalur eða Marárdalur. Talið hefur verið að annað hvort væri nafnið skylt orðinu marflatur, þ.e. flatur eins og sjórinn, eða þá að átt sé við mar = hestur.

Réttir þessar voru í dal, er Marardalur heitir. Hann er vestan undir Henglinum, þar sem hann er hæstur. Dalur þessi er einkennilegur: hömrum girtur á alla vegu og aðeins eitt einstigi eða öllu heldur þröngt hlið inn í hann, sem fær er stórgripum. Í botni dalsins er slétt harðvellisgrund, algróin fingerðum vallargróðri, á að giska 5-6 hektarar að stærð. Þarna er því að mestu leyti sjálfgerð girðing. Aðeins hefir þurft að hlaða upp í nokkur smáskörð, til að tryggð væri, að engin skepna slyppi út, sem inn var komin. Viða sér glögggt fyrir þessum hleðslum enn, þó að það hafi aldrei verið mikið mannvirki. Nokkrir hellar eru hingað og þangað í berginu umhverfis dalinn. Allir eru þeir nokkuð hátt uppi í hömrunum. Enginn þeirra er stór, en í flestum þeirra sjást einhver mannaverk: hleðslur, ártöl, fangamörk o.þ.h. Einn þessara hella er skammt frá götunni, sem liggur inn í dalinn. Hann var notaður fyrir skýli handa réttarmönnum. Fyrir framan hann hefir verið hlaðinn garður til skjóls. En líklega hefir hleðslan aldrei náð fast upp að berginu, enda hefir þess ekki þurft, því að þótt

auðvelt sé fyrir menn að komast upp í hann, þá er hann svo hátt uppi, að nautin hafa ekki gert mönnum þar ónæði. Í dalnum hefir ekki verið tiltök að tjalda, þegar þar voru margir tugir nauta eða jafnvel hundruð, þegar flest var. Norðast í dalnum er lækur, ekki allitill, og rennur hann suður eftir dalnum nokkurn spöl og hverfur svo niður smátt og smátt. Lækur þessi kemur út úr berginu, að mestu leyti í helli nyrst í dalnum austan megin. Í læknum er tært bergvatn, og þrýtur hann aldrei og frýs ekki, því að þetta er kaldavermsl.<sup>1</sup>

Talið er að hætt hafi verið að hafa naut í Marardal laust fyrir 1860. Átstæður þeirrar ákvörðunar eru ekki þekktar og ekki vitað um annan stað sem tók við af dalnum í þessum tilgangi.<sup>2</sup>



Mynd 3. Staðsetning minja í Marardal. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

<sup>1</sup> Kolbeinn Guðmundsson: "Um Hvammsrétt o.fl. í Ölfusi", 306.

<sup>2</sup> Kolbeinn Guðmundsson: "Um Hvammsrétt o.fl. í Ölfusi", 306.

Fornleifarnar sem skráðar voru í Marardal eru þær sem nefndar eru í tilvitnunni hér að ofan, fyrirhleðslur þar sem skepnur gátu komist út úr dalnum og hellisskútar þar sem sjá mátti mannaverk. Í textanum er talað um helli skammt frá götu og fyrir framan hann hlaðinn garð til skjóls. Þessi hellir fannst ekki. Í fornleifaskráningarskýrslu sem Fornleifastofnun Íslands ses vann fyrir Árbæjarsafn árið 1998 fékk hellirinn númerið AR-721:033. Hellirinn er sagður vera austanmegin í Marardal, um 200 m norðan við einu verulega greiðfæru leiðina upp úr dalnum, austanmegin fyrir miðjum dal. Hellirinn fannst þá um 30 m frá merktri gönguleið og um 3 m uppi í hliðinni.

Grasi gróin brekka upp í skútann og er þar troðinn sneiðingur. Hleðslan er gróin en hellisgólfið er bert. Skútinn sjálfur er um 12 m langur og 3 m djúpur þar sem mest er en hleðslan er 6 m löng og er fyrir norðurhlutanum.<sup>3</sup>



Mynd 4. Vörslugarður (nr. 558) í Marardal. Kristinn Magnússon 2008.

### Lýsing

Marardalur er flatur dalur girtur hömrum á alla vegu. Aðeins er hægt að komast í dalinn með góðu móti á einum stað, austan megin í dalnum. Þar hafa nautin sem höfð voru á beit í dalnum verið rekin um. Á þessum stað eru leifar vörslugarðs (nr. 558). Hleðslan er einföld steinhleðsla. Eftir standa mest 4 – 5 steinaraðir í hleðslunni.

Annar vörslugarð (nr. 557) er að finna í norðurenda Marardals, í skarði sem gönguleið liggur nú um. Hlaðið hefur verið fyrir skarðið og standa örfáir steinar eftir af þeirri hleðslu. Mjög bratt er upp í skarðið og litlar líkur á að nautgripir hafi komist þangað upp.

<sup>3</sup> Orri Vésteinsson: *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps. Fornleifaskráning á Hengilssvæði III*, 31.



Mynd 5. Hellisskúti (nr. 876) í Marardal. Kristinn Magnússon 2008.

Í vesturhlíð Marardals er lítill helliskúti (nr. 876), um 4 m djúpur, rúmlega 1 m breiður og um 1 m hár. Gróið er framan og neðan við skútann. Steinum hefur verið hlaðið fyrir munnan og standa fjórir þar ennþá.

Í suðurenda Marardals er brekka upp af marflötum botni dalsins. Í brekkunni er stórgrýti og ekki auðvelt uppgöngu. Leifar grjóthleðslu (nr. 556) eru milli grjóthnullunganna sem varnað hafa stórgripum að komast þessa leið úr dalnum. Hleðslan er samfelld á um 20 m kafla og liggur í sveigjum niður grasigróna hlið niður í botn dalsins.

### **Verndunarforsendur**

Marardalur er sérstakt náttúrufyribæri, marflatur grasigróin flöt umgirt hamraveggjum. Þessi sérstaða dalsins hefur gert hann ákjósanlegan sem sumarfrétt fyrir nautgripi. Minjarnar í dalnum láta kannski ekki mikið yfir sér en eru þó einu ummerkin um þau sérstæðu not sem menn höfðu af dalnum.

## **2.2 Hellir sunnan Marardals – útilegumannaminjar**

### **Heimildir**

Austan í móbergsrana sem sem liggur vestan Engidalsár sunnan Marardals er helliskúti sem kenndur hefur verið við útilegumenn.

Á þessum slóðum voru útilegumenn, karlinn hét Eyvindur Jónsson, um einni öld eldri en Fjalla-Eyvindur. Hann var kvæntur maður í Ölfusi en hljópst til fjalla með konu annars

manns, Margréti Simonardóttur. Þau voru fyrst tekin og hýdd í Kópavogi 1677 en hlupust aftur brott saman, náðust á alþingi 1678 og líflátin þar. Fitjaannáll segir þau hafa lagst út í seinna skiptið í Henglafjöllum, Setbergsannáll segir þau hafa fundist í helli á Mosfellsheiði. Bent hefur verið á að síðara hellisból þeirra sé að finna hér við Marardal. Hellarnir séu reyndar tveir, í móbergsklettarana meðfram Engidalsá sunnan Marardals. Hafi annar hellirinn verið til svefns, um 3 m langur, 2 m breiður og 1,25 m hár. Hinn, aðeins hærra settur í um 40 m fjarlægð, um 5 m breiður, 1,2 m á dýpt, um 2 m á hæð, hafi hugsanlega verið birgðageymsla eða jafnvel eldhús, en steinar í gólfi kannske nýst til hlóða. Vel mætti reyndar hugsa sér að nautasmalar hafi legið við í þessum hellum eða hreindýraskyttur á 19. öld.<sup>4</sup>



Mynd 6. Hellir (nr. 561). Kristinn Magnússon 2008.

### Lýsing

Hellir (nr. 561) er norðan við sæluhús Hitaveitu Reykjavíkur í Engidal. Hellirinn er ofarlega í móbergshrygg og fyrir neðan hann er slétt móbergshella sem hallar nokkuð en þó ekki svo að auðvelt er að komast að hellinum. Hellirinn er um 5 m breiður og rúmur 1 m á dýpt. Helligloftið er í um 2 m hæð yfir gólfi hans. Í mynni hellisins eru þrjár stórir móbergssteinar, sem sennilega hafa fallið þar niður. Milli þeirra og ofan á þeim er hlaðið fyrir skútann með minni steinum. Hleðslan er um 5 m löng. Nokkuð hefur hrunið úr hleðslunni bæði inn í hellinn og út úr honum.

### Verndunarforsendur

Hellirinn er á afskekktum og hrjóstrugum stað. Staðurinn er ekki aðlaðandi til búsetu enda fátt í umhverfinu sem hægt er að nýta sér til lífsviðurværis. Þessar aðstæður gera

---

<sup>4</sup> Þór Vigfússon: "Í Árneshöngi vestanverðu", 23.

Það að verkum að fyrr á tímum hafa mannaferðir ekki verið tíðar á svæðinu. Þetta gerði staðinn hins vegar að ákjósanlegum stað fyrir þá sem einhverra hluta vegna forðuðust samneyti við annað fólk. Hellirinn kann því að hafa verið kjörið sumarafdrep fyrir útilegumenn þó ekki liggi fyrir afgerandi sannanir fyrir því að hann hafi verið nýttur sem slíkur. Gildi hellisins felst fyrst og fremst í því að á staðnum upplifir maður þá einangrun og það harðræði sem sá þurfti að búa við sem kaus að flýja samfélag manna og þá refsingu sem hann hafði verið dæmdur til að taka út vegna gjörða sinna.

### 2.3 Hellir sunnan Marardals – útilegumannaminjar

#### Heimildir

Sjá heimildir um helli (nr. 561). Þessi hellir (nr. 562) er um 40-50 m austar og neðar í móbergshryggnum en nr. 561.



Mynd 7. Hellir (nr. 562). Kristinn Magnússon 2008.

#### Lýsing

Neðan við hellinn (nr. 562) er aflíðandi móbergsklöpp. Auðvelt er að komast að hellinum. Hellirinn er um 3 m að dýpt, um 2 m á breidd þar sem hann er breiðastur og um 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Fyrir honum er hleðsla sem talsvert hefur hrúnið úr og liggur grjótið framan við hellinn. Eftir standa einungis tvær steinaraðir.

## Verndarforsendur

Hellirinn er á afskekktum og hrjóstrugum stað. Staðurinn er ekki aðlaðandi til búsetu enda fátt í umhverfinu sem hægt er að nýta sér til lífsviðurværis. Þessar aðstæður gera það að verkum að fyrr á tímum hafa mannaferðir ekki verið tíðar á svæðinu. Þetta gerði staðinn hins vegar að ákjósanlegum stað fyrir þá sem einhverra hluta vegna forðuðust samneyti við annað fólk. Hellirinn kann því að hafa verið kjörið sumarafdrepp fyrir útilegumenn þó ekki liggi fyrir afgerandi sannanir fyrir því að hann hafi verið nýttur sem slíkur. Gildi hellisins felst fyrst og fremst í því að á staðnum upplifir maður þá einangrun og það harðræði sem sá þurfti að búa við sem kaus að flýja samfélag manna og þá refsingu sem hann hafði verið dæmdur til að taka út vegna gjörða sinna.

## 2.4 Hellir í Innstadal – útilegumannaminjar

### Heimildir

Lýður Björnsson segir frá helli í Innstadal í ársriti Útivistar 1986. Segir hann hellismunnan blasa við ef gengið er yfir Sleggjubeinsskarð frá skálanum innan við Kolviðarhól og í dalinn. Hellirinn er allhátt í klettunum rétt hjá stórum gufuhver. Leifar af hleðslu eru fyrir hellismunninum sem þó er nær alveg hruninn. Lýður fann talsvert af beinum undir hellum í hellinum. Hann dregur þá ályktun að líklegast sé um útilegumannahelli að ræða. Því til staðfestingar bendir hann m.a. á að klettarnir neðan hellismunnans séu verulega torfærir og ræður óvönnum klettamönnum frá að freista uppgöngu nema þeir séu vel búnir og í fylgd með sæmilegum klifurmönnum.<sup>5</sup>

Í Lesbók Morgunblaðsins 29. janúar 1939 skrifaði Þórður Sigurðsson frá Tannastöðum grein um útilegumenn í Henglinum. Frásögnin hefur verið tengd við hellinn í Innstadal. Segir þar frá skipshöfn, 6 eða 7 mönnum, sem dvöldu í hellinum ásamt tveimur huldukönnum eftir að hafa framið eitthvert niðingsverk sem ekki er þó vitað hvað var. Stálu þeir sauðfé Ölfusinga og Grafningsmanna sér til matar. Söfnuðu sveitamenn 50 til 60 manna liði og sátu fyrir hellismönnum eitt sinn er þeir komu úr ránsferð. Hellismenn flúðu en voru allir drepnir, ýmist vestan í Henglinum eða niður á Mosfellsheiði.<sup>6</sup>

### Lýsing

Í Innstadal er hellir upp í bergi. Mjög bratt er upp í hellinn og illkleift upp í hann. Sögur eru til um að útilegumenn hafi hafst við í hellinum um tíma. Sögur þessar eru frá 18. öld og jafnvel fyrr. Ólafur Briem lýsir hellinum í bók sinni Útilegumenn og auðar tóftir og hefur lýsinguna að hluta eftir frásögn Lýðs Björnssonar á hellinum. Hellirinn er tveggja til þriggja metra djúpur og manngengur að framanverðu. Breiddin er rúmlega tveir metrar. Hleðslur eru fyrir munnann beggja vegna dyra. Þykkar hellur sem kunna að vera úr hleðslunum eru á gólfi og undir þeim hafa fundist bein, mest af stórgripum. Í öðrum dyraveggnum er sögð vera hella sem rís upp á rönd og á henni rista sem líkist galdrastaf. Við vegg hellisins, innan við munnann, er festrend hola sem vatn stendur í. Ekki lítur út fyrir að hún hafi verið löguð af mönnum. Engar leifar af eldstæði eða ösku eru í hellinum. Ólafur telur að hellisbúar hafi soðið mat sinn í hvernum neðan við hellinn áður en þeir drógu hann upp til sín.<sup>7</sup> Hellirinn var ekki skráður að þessu sinni.

<sup>5</sup> Lýður Björnsson: "Á slóðum Fjalla-Eyvindar eldri og Margrétar Simonardóttur", 11.

<sup>6</sup> Þórður Sigurðsson: "Leiðir og réttir Ölfusinga. Réttir", 30.

<sup>7</sup> Ólafur Briem: Útilegumenn og auðar tóftir, 148.

## Verndarforsendur

Hellirinn er á afskekktum og hrjóstrugum stað. Staðurinn er ekki aðlaðandi til búsetu enda fátt í umhverfinu sem hægt er að nýta sér til lífsviðurværis. Þessar aðstæður gera það að verkum að fyrr á tímum hafa mannaferðir ekki verið tíðar á svæðinu. Þetta gerði staðinn hins vegar að ákjósanlegum stað fyrir þá sem einhverra hluta vegna forðuðust samneyti við annað fólk. Hellirinn kann því að hafa verið kjörið sumarafdrepp fyrir útilegumenn þó ekki liggi fyrir afgerandi sannanir fyrir því að hann hafi verið nýttur sem slíkur. Gildi hellisins felst fyrst og fremst í því að á staðnum upplifir maður þá einangrun og það harðræði sem sá þurfti að búa við sem kaus að flýja samfélag manna og þá refsingu sem hann hafði verið dæmdur til að taka út vegna görða sinna. Í þessum helli hafa fundist dýrabein, aðallega stórgripabein. Ef beinin eru enn til staðar og jafnvel mannvistarlag í gólfi hellisins eykur það rannsóknargildi hellisins.

## 2.5 Sæluhús við Draugatjörn



Mynd 8. Tóft sæluhúss og túngarður við Draugatjörn. Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

## Heimild

Sæluhús var á leiðinni milli Ölfuss og Mosfellssveitar við Draugatjörn sunnan Húsmúla. Varðveitt er heimild um þetta sæluhús frá 1703 í lýsingu Ölfushrepps eftir Hálfðan á Reykjum. Þegar líður fram á 19. öldina er sæluhúsið við Draugatjörn orðið hrörlegt auk þess sem reimt þótti í því svo að margir veigruðu sér við að gista þar. Sæluhúsið var flutt upp á Kolviðarhól árið 1844 eða 1845. Á svæðinu eru nú leifar eftir sæluhúsið, rétt og túngarður. Í nágrenninu eru vörður og þar markar einnig fyrir gömlum götum.

Tóftin er enn sýnileg austan Draugatjarnar á hrauntungu sem þrengir að Bolavöllum og nær norður undir Húsmúla... Þarna fundust merkar minjar við fornleifauppgröft 1958, járnvar af reku til að moka snjó, járnfleygur til að gera vök í tjarnarisinn, flatstein til að kveikja á eldspýtu og bóluglas undir brjóstbirtu, varðveitt í Byggðasafninu á Eyrarbakka.<sup>8</sup>

Það mun hafa verið Skúli Helgason sem gróf í rústir sæluhússins árið 1958. Hann greinir frá uppgræftrinum í bók sinni *Saga Kolviðarhóls*. Segir þar að haustið 1958 hafi verið grafið í rústirnar og tóftin hreinsuð. Voru þá liðin 114 ár frá því húsið hafiði verið í notkun. Auk þess sem áður er upptalið af því sem fannst við uppgröftin telur Skúli upp tvo bindinga úr blaði reku; járnfleyga ferkantaða, 9 cm langa; hnapp úr látúni, skreyttan fjöggra blaða rós og brot úr brúnu leirkeri, með fagurlega gerðum upphleyptum rósum.<sup>9</sup>

Í bókinni *Gráskinna* hin meiri er frásögn, sem Skúli Skúlason ritstjóri skráði, um draugagang í sæluhúsinu. Segir þar af Grími bónda á Nesjavöllum í Grafningi. Grímur bjó á Nesjavöllum eftir aldamótin 1800. Hann var skytta góð og stundaði rjúpnaveiðar. Fyrir jólin var hann vanur að fara til Reykjavíkur til að selja rjúpur og draga ýmislegt smávegis að heimilinu fyrir hátíðarnar. Fór hann oftast einn í slíkar ferðir og gisti ekki á leiðinni. Í einni slíkri ferð var orðið áliðið þegar Grímur lagði af stað úr Reykjavík. Þegar upp á Hellisheiði kom lenti hann í aftaka veðri og varð því að gista í sæluhúsinu. Honum var þetta þvert um geð því aðbúnaður var slæmur í húsinu og svo var hitt að Grímur var myrkfællinn en reimt þótti í sæluhúsinu. Höfðu þeir menn orðið úti þar skammt frá nokkrum árum áður og sóttu þeir að mönnum sem leituðu þar húsa svo illfært þótti að gista þar nema þá margir saman. Grímur gekk frá hesti sínum og fór inn í húsið. Lokaði hann hurðinni og lagði trédrumb að henni. Hundur hans lagðist fram á lappir sér innan við hurðina. Grímur lagðist síðan í bálka í suðurenda kofans með byssu sína sér við hlið. Um síðir tókst honum að sofna en hrökk svo upp við mannamál sem heyrðist utan úr ofviðrinu. Hélt hann fyrst að þar væru komnir ferðamenn og varð félagsskapnum feginn. En þegar raddirnar færðust nær sæluhúsinu kannaðist Grímur við málróm þeirra. Heyrði hann að þar voru komnir mennirnir, sem höfðu orðið úti. Grímur hafði þekkt þá alla. Grímur þreif til byssu sinnar og tók fingrum um gikkinn. Var þá hurðinni hrundið upp svo að hundurinn sem við hana lá flaug vælandi í vegginn andspænis henni. Grímur sá engan koma inn úr dyrunum en áður en varði fannst honum samt sem fullt væri orðið af fólki í kofanum. Virtist Grími sem fólkið væri komið til að sækja gleðskap því mikið var talað og dátt hlegið. Grímur sá þó engan og fann ekkert. Eftir að hafa starað í myrkrið langa stund sá Grímur tvo lýsandi depla í einu kofahorninu, líkasta glóðarkögglum. Urðu þeir brátt sem mannsaugu sem færðust nær Grími og störfu á hann mjög illkvitnislega. Þegar augun voru komi að bjálkabruninni hjá Grími hleypti hann af byssu sinn og miðaði á augun. Hvarf þá sýnin og var eins og kofinn tæmdist. Grímur reis á fætur og fór að dyrunum. Hurðin var óbrotin en hundurinn lá steinrotaður inn við vegg. Varð nú allt kyrrt um sinn en ekki gat Grímur sofnað. Eftir allanga stund heyrði Grímur mannamál í fjarska sem fyrr og sama atburðarás endurtekur sig. Nú var Grími nóg boðið. Eftir að hafa aftur skotið af byssu sinni náði hann til hests síns í flýti og reið á brott. Hann komst við illan leik

<sup>8</sup> Þór Vigfússon: "Í Árneshöfði vestanverðu", 17.

<sup>9</sup> Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, 17-18.


heim til Nesjavalla en var þá orðin óður. Grímur lifði mörg ár eftir þetta og var oft sturlaður, einkum í skammdeginu.<sup>10</sup>

### Lýsing

Tóft sæluhússins er uppá hól (nr. 341). Hún er 7,4 m á lengd og 6 m á breidd, op (dyr) snýr í suðvestur. Tóftin er úr torfi og grjóti og er grasi- og mosavaxin. Nokkuð hefur hrunið úr hleðslum inn í tóftina. Upp við tóftina, norðaustan við hana, er ógreinileg dæld nokkur (nr. 342) sem hugsanlega er gerð af manna völdum, og gæti jafnvel verið leifar lítillrar byggingar, geymslu eða eitthvað þess háttar. Um 60 m vestan við sæluhúsið hefur legið vörðuð leið NV-SA og voru mældar upp sex vörður á þessari leið (nr. 344, 347-351).


### Verndunarforsendur

Tjörnin og túnið umhverfis hana er líkast vin í eyðimörk. Allt um kring umlykja svæðið úfið hraun og fjallgarðar. Hér hefur því verið tilvalin áningastaður frá náttúrunnar hendi. Sæluhústóftin er áþreifanleg sönnun þess að á staðnum hafa menn hvílt sig og hross sín á langri ferð yfir heiðina. Hann hefur talsvert upplifunargildi sem slíkur.



Mynd 9. Sæluhús við Draugatjörn. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

<sup>10</sup> Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson: *Gráskinna hin meiri*, 239-243.



Mynd 10. Minjar við Draugatjörn. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## 2.6 Réttin við Draugatjörn

### Heimildir

Engar heimildir fundust um réttina sjálfa.

### Lýsing

Um 140 m í NNV frá sæluhúsinu (nr. 341) er grjóthlaðin rétt, utan í hraunhól (nr. 345, mynd 3). Mosi og skófir er á steinum í hleðslunum. Réttin er ferhyrnd, 21m á lengd og 16 m á breidd. Í suðaustur horni réttarinnar er lítið hólfi, 7 x 7 m. Op á rétt og hólfi snýr í norðvestur. Um 8 m langur veggur liggur frá NV-horni réttarinnar. Upp á hraunhólnum er grjóthlaðin varða (nr. 346, mynd 3), um 0,7 m á hæð, nokkuð hrunin. Varðan er nokkuð úr hinni vörðuðu leið sem liggur við sæluhúsið og því sú ályktun dregin að hún eigi fremur að leiða menn að réttinni.

Á milli sæluhússins (nr. 341) og réttarinnar (nr. 345) liggur um 60 m grjóthlaðið garðlag í N-S (nr. 343). Garðlagið er ógreinilegra en réttin en líklegt verður að teljast að þessar minjar tengist á einhvern hátt.

Annar grjóthlaðinn garður (nr. 352), um 430 á lengd liggur vestan og norðan með Draugatjörninni. Þessi garður er öllu greinilegri enda fer hæð hans upp í 1,2 m á hæð á köflum. Réttin og stóri garðurinn virðast yngri en sæluhúsið og því sett hér upp sem önnur minjaheild en auðvitað gætu ábúendur á Kolviðarhóli hafa viðhaldið réttinni og garðlögum í kring eftir að sæluhúsið leið undir lok.



Mynd 11. Rétt við Draugatjörn. Sólborg Una Pálsdóttir 2008.

## Verndunarforsendur

Eins og fram kemur í textanum hér að framan er ekki ljóst hvort réttin og garðarnir eru frá sama tíma og sæluhúsið (nr. 341) eða yngri. Hvort heldur sem er verða þetta að teljast merkar minjar um lífsbaráttu fyrri alda manna við þessar eyðilegu aðstæður.

### 2.7 Kolviðarhóll – býli/sæluhús



Mynd 12. Minjar við Kolviðarhól. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## Heimildir

Á 19. öld var gert áttak í því að bæta samgöngur á Hellisheiði. Fyrsta skrefið var að flytja sæluhúsið úr Svinahrauni og upp á Kolviðarhól. Er talið að þetta hafi verið gert á árunum 1844-1845. Þessi flutningur var gerður til þess að menn ættu auðveldara með að finna sæluhúsið og þar með fækkaði slysum á mönnum. Spýtur voru nýttar úr gamla kofanum við mismikinn fögnuð manna því sumir trúðu því að þeim fylgdi eitthvað óhreint enda talið mjög reimt í gamla sæluhúsinu.<sup>11</sup> Húsið var timburhús á hlöðnum sökklí. Í því mun hafa verið svefnpláss fyrir 24 menn og einnig var skjól fyrir 16 hesta. Þetta sæluhús á Kolviðarhóli var í notkun í um 30 ár.

Árið 1877 hófst bygging á nýju sæluhúsi á Kolviðarhóli. Nokkuð hafði verið kvartað yfir því að eldra húsið væri orðið lélegt. Ferðamenn töluðu um að slæmt væri að vera þar í vöndum vetrarveðrum "því hríðargusurnar geyfi inn um gátt og rjáfur." Hugmyndin með nýja húsinu var einnig að bæta þjónustuna við ferðamenn, þ.e. að reka gístaðstöðu og greiðasölu og skyldi gestgjafi búa á staðnum.<sup>12</sup>

Húsið var að mestu fullgert um haustið 1877. Stærð þess var 10x11 álnir að utanmáli. Veggir voru tvíhlaðnir (utan og innan) úr höggnu grjóti, er lagt var í steinlím, sem þá var reyndar kalk. Á því var port um eina alin á hæð og gott ris. Herbergjaskipan var þannig: Fyrst var komið inn í rúmgóða forstofu, og úr henni lá stiginn upp á loftið. Þá voru 2 herbergi og eldhús með eldavél; ofn var í öðru herbergi. Uppi á lofti voru 2 herbergi, annað fyrir ferðamenn, en hitt notað fyrir geymslu. Húsið var að innan klætt timbri í hólf og gólf. Á því voru 6 gluggar, 4 á veggjum og 2 á lofti; voru þeir allir í 6 rúðu fagi. Mjög var til byggingarinnar vandað á allan hátt, eftir því sem fong voru á á þeirri tíð.<sup>13</sup>

Búskapur var tekin upp á Kolviðarhóli jafnframt því sem þar var rekin gístaðstaða og greiðasala. Skepnum fjölgaði og útihús voru reist. Um árabíl var rekið myndarlegt bú á Kolviðarhóli. Jón nokkur Jónsson bjó á Kolviðarhóli á árunum 1883-1895. Hann hóf að rækta tún á Kolviðarhóli og girti með hlöðnum grjótgarði.<sup>14</sup> Guðni Þorbergsson, tengdasonur Jóns, tók við búskapnum og bjó á Kolviðarhóli til ársins 1906. Guðni stóð í töluverðum framkvæmdum á staðnum, hann stækkaði og sléttaði túnin og viðhelt túngarðinum.<sup>15</sup>

Með betri vegum og hraðskreiðari farartækjum minnkaði þörfin á slíki ferðaþjónustu á þessum stað. Veitingarekstur á Kolviðarhóli lognaðist út af fyrir 1950 og árið 1977 lét Reykjavíkurborg jafna húsin á Kolviðarhóli við jörðu.<sup>16</sup>

---

<sup>11</sup> Þorsteinn Bjarnason: "Saga Kolviðarhóls", 363.

<sup>12</sup> Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, 68.

<sup>13</sup> Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, 79-80.

<sup>14</sup> Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, 107.

<sup>15</sup> Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, 113.

<sup>16</sup> Þór Vigfússon: "Í Árneshöfðum vestanverðu", 20.




Mynd 13. Tóftir á bæjarhól Kolviðarhóls. Horft í austur. Ljósmynd Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

### Lýsing

Bæjarstæði Kolviðarhóls stendur norðan Reykjafells, neðan við Hellisskarð. Leifar síðustu húsanna á Kolviðarhóli eru enn sýnilegar (nr. 326), nokkuð sérstakar að gerð en þar ægir ýmsu byggingarefni saman; torfi og grjóti, tilhöggnu hleðslugrjóti og steinsteypu. Veggir minna norðvestur-hólsins eru steinsteypdir en einnig má finna steinsteypu milli gangsins og miðjuhólsins í suðaustur-hlutanum. Efri hluti hússins (SA-hlutinn) er 22,5 m x 16 m að stærð og liggur NA-SV. Neðri hlutinn (NV-hlutinn) er um 19 m x 10 m og liggur NV-SA. Að öllum líkindum er sá hluti yngri viðbygging.

Um 4,5 m SA af húsarústunum er að finna leifar ferkantaðar byggingar, um 7m x 7m að stærð (nr. 327). Minjarnar eru mjög ógreinilegar en það mótar fyrir hlöðnu, tilhöggnu grjóti. Vegghæð er lítil, einungis um 10 cm. Spurning hvort hér séu ekki leifar sæluhússins frá 1844. Fast upp við þessar húsaleifar, suðvestan megin, eru tvær dældir (nr. 328 og 329) sem hugsanlega eru leifar einhverra mannvirkja sem tengjast húsaleifunum. Þetta eru grunnar, grónar dældir um 10 cm á dýpt.

Um 12,5 m SA af húsarústunum (nr. 327) er illgreinanleg, gróin tóft, um 4,5 m x 3,5 m að stærð og liggur NV-SA (nr. 330). Þetta hefur verið einhvers konar kofi, kannski geymsla eða eitthvað þess háttar. Vegghæð er lítil, einungis um 20 cm.




Mynd 14. Bæjarstæði við Kolviðarhól. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Um 19 m ANA frá þessari tóft er leifar steinsteyprar byggingar (nr. 331). Veggir og þak hafa hrunið og því erfitt að gera sér grein fyrir lögun hússins, sérstaklega innra formi. Stærð hússins hefur verið um 6 m x 7 m og liggur NV-SA.

Um 50 m suður af megin húsarústum (nr. 326) er heimagrafreit með steinsteyptum garði í kring (nr. 332). Garðurinn er um 5 m x 5 m að stærð og veggir um 30 cm að þykkt. Grafreit þessi er 20. aldar mannvirki.

Grjóthlaðinn túngarður (nr. 325) liggur frá NV-hluta húsarústa (nr. 326), niður með götu (nr. 333) og myndar þannig heimtröð að hluta. Svo liggur garðurinn utan um túnin. Engan garð var þó hægt að greina norðan megin, þ.e. austan við götuna. Garðurinn

er í ágætu ástandi og vegghæð fer upp í 1,2 m á kafla. Þó er greinilegt að farið hefur verið í gegnum garðinn með einhverja lögn á suðaustur hlið.



Mynd 15. Útihús við Kolviðarhól. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Útihúsin frá Kolviðarhóli liggja um 220 m NA frá bæjarstæðinu, norðan við bilveginn. Nyrðst er garðlag um 23 m á lengd sem liggur A-V (nr. 338). Garðurinn er grjóthlaðinn, um 1,3 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 0,7 m á breidd. Mosi og skófir eru á steinum.

Austarlega á garðinum er lítil tóft (nr. 337) utan í (norðan við) garðlaginu. Tóftin er um 4,5 m x 4,5 m að stærð, ferhyrnt með op í vestur. Hún er að mestu grjóthlaðin og mosi og skófir á steinum. Vegghæð er mest um 0,4 m.

Beint suður (um 40 m) af þessri tóft er önnur nokkuð stærri (nr. 334). Tóftin er um 14 m x 9,5 m að stærð og liggur NNV-SSA, op snýr í SSA. Hún er að mestu grjóthlaðin en nýlegt hrun má sjá úr veggjum.

Um 30 m vestar er tveggja hólfa tóft (nr. 335). Tóftin er að mestu úr torfi og grjóti en nyðra hólfið er með steinsteypta innri vegg. Hún er um 7 m x 5 m að stærð og liggur NNA-SSV, op snýr í SA.

Um 16 m sunnar er lítil tóft, um 4 m x 3,5 m að stærð og liggur NNA-SSV, op í SSV. Tóftin er úr torfi og grjóti með 30 cm breiða steinsteypta innri vegg.

Sunnan við Neðraskarð er *Reykjafell*. Norðan í því er *Dauðidalur*; í honum er fjárrétt.<sup>17</sup>

Réttin er norðvestan undir Hádegishnúki, austanmegin í þurum gilskorningi sem hlykkjast niður úr Dauðadal. Réttin er hlaðin í brattri brekku neðantil í grjóthól, en neðan við réttina er dæld þar sem leysingavatn rennur. Grasi gróið er inni í réttinni og í kringum hana en rofmoldir eru um 30 m neðan við dældina og enn fjær eru mosapembur. Einfaldar, fremur óvandaðar hleðslur byggðar ofan á náttúrulega sandsteinsdranga, og eru þær mest 6 umfór. Réttin skiptist í tvö hólf sem bæði hafa op til vesturs. Réttin sést frá veginum að Kolviðarhóli.<sup>18</sup>

### **Verndunarforsendur**

Bæjarstæði Kolviðarhóls er allsérstakt. Einkum vegna staðsetningarinnar. Sæluhús var byggt á staðnum um miðja 19. öld en þegar á leið var tekin upp búskapur samhliða þjónustu við ferðamenn. Auk þess að vera minjar um búskap eru fornleifarnar á Kolviðarhóli minjar um þann gríðarstað sem fólki var þar búinn á erfiðri leið yfir úfið hraun og óbyggðir. Bæjarstæðið er nokkuð heillegt og vel afmarkað af steinhlöðnum túngarði. Er góður vitnisburður um baráttu og dugnað þeirra sem þar bjuggu og háðu lífsbaráttu við erfiðar aðstæður á heiðinni. Mannvirki tengd Hellisheiðavirkjun standa nærri bæjarhólum. Fornleifarnar hafa fengið að standa óraskaðar en óneitanlega skerða stöðvarhús virkjunarinnar og önnur mannvirki henni tengd það upplifunargildi sem rústirnar höfðu áður en virkjunin reis.

## **2.8 Búasteinn - sögustaður**

### **Heimild**

Búasteinn er um 500 m austnorðaustur af bæjarstæði Kolviðarhóls. Hér átti Kolviður frá Elliðavatni að hafa fallið ásamt 11 öðrum fyrir Búa frá Esjubergi. Segir frá þessum atburðum í Kjalnesinga sögu.<sup>19</sup>

### **Lýsing**

Hér er um að ræða stóran stein, norðan megin í Hellisskarði, upp í hlíðinni. Engin eiginleg mannvirki er þarna finna með tilvísun í söguna. En um 20 m norðar eru leifar palls sem tengist skíðaiðkun á staðnum á 20. öld.

### **Verndunarforsendur**

Hefur gildi vegna tengsla við frásögn Kjalnesinga sögu.

---

<sup>17</sup> Kolviðarhóll. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

<sup>18</sup> Orri Vésteinsson: *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps. Fornleifaskráning á Hengilssvæði III*, 71.

<sup>19</sup> Þór Vigfússon: "Í Árnepingi vestanverðu", 18.



Mynd 16. Búasteinn er fyrir miðri mynd í hliðinni. Hellisskrarð er hægra megin á myndinni. Sólborg Una Pálsdóttir 2008.

## 2.9 Hellurnar sæluhús og vörður.

### Heimildir

Hin forni vegur milli Ölfuss og Mosfellssveitar lá að Kambabrún, austan við Hurðarásinn, sjónhending á skarðið við norðaustur enda Reykjafells. Lá vegurinn þar niður af Hellisheiði um Hellisskarð, yfir Bolavelli, vestur með húsmúla, niður með norðurbrún Svínahrauns, hjá Lyklafelli og var þá komið í byggð hjá Elliðakoti (Helliskoti) og Vilborgarkoti (nú eyðijörð) í Mosfellssveit.<sup>20</sup>

Austur frá Reykjafelli eru Hellurnar, eru þær sléttar klappir, liggja yfir þær djúpar götur eftir hestafætur. Sanna göturnar að yfir þessar sléttu klappir hefur umferð verið allt frá fyrstu byggð hér á landi.<sup>21</sup>

Að þeirri framkvæmd stóð Gísli hreppstjóri Eyjólfsson á Vötnum í Ölvesi, d. 1866. En kofann reisti Þórður Erlendsson, síðast bóndi á Tannastöðum, d. 1872.

Bygging þessi var með nokkuð sérstæðum hætti, enda unnin af manni, sem var orðlagður byggingamaður og snillingur í öllum handtökum. Kofinn er að innanverðu niður við gólf ferhyrndur og jafn á allar hliðar, 1,85 m. Á hvern veg og 2 m undir loft, mælt af miðju gólfi. Þegar veggir taka að hækka, hringmyndast hleðslan og gengur að mestu saman í þakinu, en því er lokað með geysistöri hraunhellu. Þakið er mosagróið mjög, og hafa vaxið upp úr því puntustrá á við og dreif. Dynnar eru 60 cm. Breiðar og 1 m á hæð.

<sup>20</sup> Þorsteinn Bjarnason: "Saga Kolviðarhóls", 362.

<sup>21</sup> Þorsteinn Bjarnason frá Háholti. Örnefnaskrá. Afréttur Ölfushrepps. Örnefnastofnun.

Þröskuldurinn er hár, því upp á hann að innanverðu eru 40 cm. Veggir eru svo þykkir, að kofinn er hringmyndaður séður að utan, og að norðanverðu er hann sem hraunhóll, enda hlaðinn allur úr fallegu hellugrjóti. Engin spýta er í byggingu þessari, og má hún heita einstæð í sinni röð. Kofinn var byggður á áratugnum 1830 -1840 og hefur nú staðið óhaggaður á aðra öld. Hann stendur á bungumyndaðri hraunklöpp, á hægri hönd, örskammt frá hinum forna vegi, þegar farið er suður, við fertugustu og fimmtu vörðu, talið austan að.<sup>22</sup>



Mynd 17. Leiðir á skráningarsvæðinu. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

<sup>22</sup> Skúli Helgason: *Saga Kolviðarhóls*, 23.

Hellukofinn og gamla þjóðleiðin yfir Helligheiðina eru friðlýstar fornleifar. Þór Magnússon, þáverandi þjóðminjavörður, friðlýsti þessar minjar.

Afréttarland. Gamla sæluhúsið, "Hellukofinn" svonefndi, er stendur við hinn varðaða veg vestantil við miðja heiði. [(Helligheiði).] Einnig vörðurnar og vegurinn, troðin hestaslóð sem víða markar fyrir í hrauninu.<sup>23</sup>



Mynd 18. Gamla leiðin, Hellurnar, á Helligheiði. Kristinn Magnússon 2007.

### Lýsing

Gatan er víða sýnileg á heiðinni, bæði norðan núverandi þjóðvegur en einnig sunnan hans þegar austar dregur. Hún þverar þjóðveginn nærri þeim stað þar sem

---

<sup>23</sup> Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, 77.

háspennulínur fara yfir hann. Þar sem rásin er greinanleg í klöppinni er hún víðast um 30 – 40 cm breið og 5 – 10 cm djúp. Sumsstaðar má sjá tvær og jafnvel þrjár samsíða rásir í klöppinni. Sunnanvert á miðri heiðinni var á árunum 1830 – 1840 byggður steinhlaðinn kofi til skjóls fyrir þá sem leið áttu um heiðina í vondum veðrum. Kofinn fékk nafnið Hellukofinn. Vörður eru við götuna frá Hellukofanum og í austur. Þær fylgja götunni í fyrstu en víkja frá hinni sýnilegur rás til norðurs þegar austar dregur. Ástæður þessa munu vera þær að fyrir nokkrum áratugum voru vörður meðfram leiðinni enduhlaðnar og nýjum bætt við en svo virðist sem menn hafi ekki vitað hvar gamla gatan lá þegar austar dró. Leiðin var mæld gengin og mæld inn með GPS-tæki á heiðinni. Framhald leiðarinnar suður undir Hamrinum í Hveragerði var merkt inn á loftmynd.



Mynd 19. Hellukofinn. Kristinn Magnússon 2004.

### Verndunarforsendur

Þessi gata yfir Hellsheiðina er mjög gömul. Jafnvel talin vera frá upphafi Íslandsbyggðar. Rásin í klöppinni sýnir að farið hefur verið þarna um í mjög langan tíma. Slíkar rásir eru til víðar en eru engu að síður mjög merkar minjar um samgöngur á fyrri tímum. Það er sérstök tilfinning að sjá hvernig myndast hefur skýr rás í hart bergið og sýnir svo ekki verður um villst að hestar og menn hafa fylgt þessari sömu slóð öldum saman. Það gefur götunni enn meira gildi að í nágrenninu má finna fleiri götur frá ýmsum tímum. Á svæðinu er á einum stað hægt að sjá þróun vegagerðar á Íslandi frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og fram til dagsins í dag. Hellukofinn er ekki mjög gamall, hlaðinn milli 1830 og 1840, en er mjög sérstakt mannvirki að lögun og gerð. Kofinn hefur staðið á heiðinni óhaggaður frá upphafi þrátt fyrir að vond veður geysi oft á þessum slóðum. Það sýnir að Þórður Erlendsson, sem reisti kofann, hefur vandað vel til verksins.

## 2.10 Eiríksbrú - vegagerð

### Heimildir

Árið 1875 voru sett lög um vegi á alþingi. Landssjóður átti að sjá um og annast útgjöld af vegum sem lágu milli byggða og sýslna. Vegur var lagður um Svínahraun á árunum 1877 og 1888. Í reglugerð var sagt að að vegurinn skyldi vera 10 feta breiður (3,13 m), upphlaðinn og púkkaður með grjóti. Lestir áttu að geta mæst á veginum en hestvagnaumferð var ekki höfð í huga við hönnun hans. Eiríkur Ásmundsson frá Grjótá sá um vegagerðina. Hann tók einnig að sér að leggja veg um Kamba árið 1879. Vegurinn um Kamba þótti of brattur og því lítið notaður. 15 árum síðar var lagður annar vegur um Kambana. Árið 1880 hélt Eiríkur áfram vegagerð og lagði þá veginn vestur yfir eystri hluta Hellisheiðar. Þessi vegur var um 4-5 km, beinn og vel gerður. Vegurinn var kenndur við hann og kallaður Eiríksbrú.<sup>24</sup>

Samkvæmt heimildarmanni, Birni Pálssyni, má finna leifar hestaskjól suðaustan undir þjóðvegi 1 og sunnan Eiríksbrúar og gömlu þjóðgötunnar. Hestaskjól þetta var notað þegar Eiríksbrú var gerð árið 1879.<sup>25</sup>



Mynd 20. Eiríksbrú. Horft í átt að Hellisskarði. Kristinn Magnússon 2008.

### Lýsing

Vegurinn var víða upphlaðinn og púkkaður með grjóti, um 2-3 m breiður. Leifar hans eru sýnilegar á nokkurm stöðum á heiðinni og í Kömbum. Kafli vegarins sem varðveittur er á háheiðinni var mældur inn með GPS-tæki en kafllinn neðan Kamba var færður inn á loftmynd.

<sup>24</sup> Magnús Grímsson: "Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi", 89.

<sup>25</sup> Björn Pálsson. Úr bréfi til Landforms ehf, dags 4. okt. 2005.



Mynd 21. Aðhald eða hestaskjól við Eiríksbrú. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Grjóthlaðin tóft (nr. 765) er um 50 m suðaustan undir núverandi þjóðvegi ofan við Hamarinn og er hér líklega um hestaskjólíð eða aðhaldið sem Björn Pálsson nefnir. Það er byggt úr hraungryti ofan á litlum hraunhól, um 19,8m x 9,3 m að stærð og liggur sem næst A-V. Inngangur hefur verið við vesturenda tóftarinnar. Mosavaxin að mestu að austanverðu en hleðslan er sýnileg að vestanverðu. Lyngvaxnir móar í kring.

### Verndunarforsendur

Enn eru varðveittir kaflar af þessum vegi. Einna heillegasti kaflinn er neðan við Kambana í landi Hveragerðis. Verndargildi vegarins felst ekki hvað minnst í því að hann er sennilega með fyrstu vegum á Íslandi sem byggður er samkvæmt forskrift en í reglugerð sem gefin var út um veginn var sagt að hann skyldi vera 10 feta breiður, upphlaðinn og þúkkaður með grjóti. Þannig er hann einmitt gerður á þeim stöðum þar sem enn má sjá leifar hans.

## 2.11 Þjóðleið frá lokum 19. aldar

### Heimildir

Nýr vagnfær vegur var lagður niður Kamba árið 1894 og sama ár hófst lagning vegar yfir Hellisheiðina. Þeirri vegagerð lauk árið 1895.

Komst nú talsverður skriður á vegagerð, einkum á flutningabraut nr. 1, austur í Rangárvallasýslu. Fór og að gæta áhrifa landsverkfræðings, Sigurðar Thoroddsen. Hann hafði, að loknu námi í Kaupmannahöfn 1891, fengið ferðastyrk frá alþingi til þess að fara til Noregs og kynna sér vega- og brúargerðir, og dvaldist hann þar til vors 1893.

Við nýlagningu vegarins austur lét Sigurður færa veginn frá hinu bratta og óvagnfæra Hellisskarði, og sveigði veginn suður fyrir Reykjarfell um Hveradali. Hellisheiðarvegurinn, sem lagður var á þessum árum var, að undirstöðu til, að mestu, leyti, utan nokkurra styttri kafla, svo sem í Smiðjulaut, sá sami og var þjóðvegur allt fram til hausts 1972, er hraðbraut með bundnu slitlagi var tekin í notkun litlu norðar.

Sigurðu mældi fyrir veginum upp Kamba og varð úr að miða við dráttargetu hesta, enda voru 18 „hárnálarbeygjur“ á þeirri löngu brekku og breyting mikil frá vegi Eiríks frá Grjótá. Þótti ýmsum sem vegur þessi væri undur mikið. Brautin frá Reykjavík og austur í Svinahraun hafði verið lögð á árunum 1886-1892, og vegurinn um Ölfusið að mestu lagður 1892, sem áður segir. Kambavegur var lagður 1894 og sama ár var byrjað á Hellisheiðarveginum og lokið við hann árið eftir. Árið 1895 var því kominn að kalla óslitinn vagnfær vegur úr Reykjavík austur yfir Ölfusárbrú.<sup>26</sup>

### Lýsing

Vegurinn er hvergi sýnilegur í upprunalegri mynd enda notaður til 1972 og því marg endurbættur. Leifar vegar í þessari sömu legu má þó sjá, bæði uppi á heiðinni og eins austan við hana. Hlykkjóttar beygjur í Kömbunum sem eiga uppruna sinn í þessum vegi voru færðar inn á loftmynd.

### Verndarforsendur

Leifar vegarins sjálfs eru ekki varðveittar. Vegkafli í Kömbunum sem hlykkjast niður hliðina í ótal beygjum sýnir legu vegarins og þá gerbreyttu hugsun sem liggur að baki hönnunar hans frá næsta veg á undan, Eiríksbrúar, sem lá beint niður af heiðinni og niður bratta hliðina án þess að á honum væri ein einasta beygja á leiðinni.

## 2.12 Þrengslavegur

### Heimildir

Þrengslavegur lá frá Neðri Hveradalabrekku suður með Gráuhnúkum að vestan, vestan Meitla og suður að Meitiltagli syðst í Litla-Meitli. Leiðin hefur verið greið og ekki hætt við að menn villtust á henni enda fylgir hún fjallshliðunum.

Þrengslavegurinn gamli lá út af þjóðveginum neðan við Neðri-Hveradalabrekku og áfram suður með Gráuhnúkum að vestan. Er Þrengslahnúkur á vinstri hönd, þegar sú leið er farin austur í Ölfus. Skarðið milli Gráuhnúka og Lambafells heitir Þrengsli þar sem þar er þrengst.<sup>27</sup>

Í desember árið 1921 varð Guðbjartur Gestsson frá Hamri á Múlanesi úti á þessari leið. Hans var leitað um veturinn og einnig sumarið eftir en fannst ekki. Sextán árum síðar

<sup>26</sup> Magnús Grímsson: "Um vegagerð og hestvagnaferðir á Suðvesturlandi", 93.

<sup>27</sup> Eiríkur Einarsson. Örnefnaskrá. Hellisheiði. Örnefnastofnun.

fann Valdimar Jóhannsson líkamsleifar Guðbjarts ásamt smíðatólum hans og peningum við bjarg undir Gráhnúk.<sup>28</sup>

### Lýsing

Vegurinn er sýnilegur á grónum grundum í nágrenni Þorlákshafnarsels og eins í kverkinni milli Svínahrauns og Gráuhnúka þar sem hann er troðin slóð í mosavöxnu hrauninu. Leiðin var rakin á loftmynd. Er færð inn á loftmyndina sem heil lína þó ekki sjáist allsstaðar marka fyrir henni á myndinni.

### Verndarforsendur

Leiðin er ágætis dæmi um veg frá síðustu öldum þar sem hún er sýnileg. Hún er ekki uppbyggð eða rudd en hefur myndast við troðning hesta og manna. Æskilegt væri að varðveita þá hluta leiðarinnar sem enn eru sýnilegir en mestu skiptir þó að hún hefur verið skráð og kortlögð.

## 2.13 Lágaskarðsvegur (Sanddalaleið)

### Heimildir

Lágaskarðsvegur lá frá Hveradalafliöt um Lágaskarð og Sanddali til Þorlákshafnar og í Selvog. Annað afbrigði þessa vegar lá um Lakadal norðan Stóra-Sandfells. Leiðin var ein aðalþjóðleiðin yfir Helligsheiði allt þar til akvegur var gerður yfir heiðina.

Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágaskarði. Eftir skarðinu liggur Lága-skarðsvegur. Vestan við veginn er Stóri-Meitill, hjá honum er Meitilfliöt.<sup>29</sup>

Lágaskarðsvegur liggur austan við Stóradal, um Hellur og Lágaskarð, skarðið milli Stóra-Sandfells og Stóra-Meitils. Það er sennilega sama leiðin sem Hálfdan Jónsson [1703] nefnir Sanddalaveg. Meðfram Lágaskarðsvegi. Þar sem hann liggur norður frá Hellum, er klettabrik eða „gangur“ sem kallast Lákastígur, nýlegt nafn.<sup>30</sup>

Svo virðist sem svokölluð Sanddalaleið hafi greinst frá Lágaskarðsvegi suðaustan við Lágaskarð og legið til suðausturs í átt að Hjalla.<sup>31</sup>

### Lýsing

Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi en rakin á loftmynd og skoðuð á korti. Hún er merkt inn á loftmyndina í samræmi við legu hennar á korti frá dönsku kortastofnunni sem gert var af dönskum landmælingamönnum á fyrstu áratugum 20. aldar. Leiðin var vandlega skoðuð af Birnu Lárusdóttur starfsmanni Fornleifastofnunar Íslands árið 2007 og grein gerð fyrir þeirri athugun í skýrslu um fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra rannsóknarborana við Litla-Meitil og Gráuhnúka. Í skýrslunni kemur fram að lítið sjáist til götunnar fyrr en norðan Lágaskarðs. Eftir að komið er fram hjá Þrengsla- og Lágaskarðshnúkum fundust merki um tvær leiðir að Lágaskarði. Önnur lá upp að rótum Stóra-Meitils að norðvestanverðu, um djúpan dal sem þar er. Þar vottar fyrir götuslóða og eins er greinilegur troðningur í malarbakka upp úr dal sem Birna telur sennilegast að sé syðsti hluti Stóradals. Hin leiðin lá austar. Slóð sést austan í malarhrygg sem liggur út

<sup>28</sup> Þór Vigfússon: „Í Árnesþingi vestanverðu“, 44-45.

<sup>29</sup> Þorsteinn Bjarnason frá Háholti. Afréttur Ölfushrepps. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

<sup>30</sup> Eiríkur Einarsson. Örnefnaskrá. Helligsheiði. Örnefnastofnun.

<sup>31</sup> Eiríkur Einarsson. Örnefnaskrá. Helligsheiði. Örnefnastofnun.

frá Stóra-Meitli. Þessi slóði liggur beint að slóðinni í Hellunum svonefndu í Lágaskarði. Leiðirnar sameinast í Lágaskraði. Þar er leiðin skýr og í skarðinu eru fimm vörður. Norðan við nyrstu vörðuna er rás í klapparhelluna sem bendir til að þarna hafi verið farið um í langan tíma. Slóðin er einföld, 10 – 15 cm breið og mest um 5 cm djúp. Slóðin er ekki samfelld en sést hér og þar á löngum kafla. Þar sem ekki eru rásir er leiðin engu að síður greinileg því þar er enginn mosi né annar gróður sem þó þekur hraunið allt í kring.<sup>32</sup>

Verndunarforsendur

Leiðin er gott dæmi um veg sem væntanlega hefur verið notaður í nokkrar aldir. Hún er ekki uppbyggð eða rudd en hefur myndast við troðning hesta og manna. Leiðin er á kafla mótuð í klöpp. Slíkar götur sýna svo ekki verður um villst að um þær hafa hestar og menn farið um aldir og hafa því í mörgum tilfellum meira upplifunargildi en troðningar sem myndast hafa í grónu landi. Mikilvægt er að varðveita þá hluta leiðarinnar sem enn eru sýnilegir.

## 2.14 Leiðin Milli hrauns og hliðar

### Heimildir

Leiðin *Milli Hrauns og hliðar* lá um Hellisskarð, austur með Stóra-Skarðsmýrarfjalli að sunnanverðu, um Hengladali og áfram austur í Grafning.

Austur frá Hellunum er *Orrustuhólshraun og Orrustuhóll*. Hraunið er sunnan undir *Stóra-Skarðsmýrarfjalli*. Austur með fjallinu er vegurinn milli hrauns og hliðar.<sup>33</sup>

Leiðin virðist hafa verið notuð fram á 20. öld. Vitað er er Hagavíkurmenn í Grafningi létu bílsenda vörur að Kolviðarhóli um 1940 og báru þær þaðan á sjálfum sér milli hrauns og hliða til Hagavíkur sem mun vera um 17 km leið.<sup>34</sup>

### Lýsing

Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi en rakin á loftmynd. Er færð inn á loftmyndina sem heil lína þó ekki sjáist allsstaðar marka fyrir henni á myndinni. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands er leiðinni vel lýst. Þar segir að gatan sjáist enn nokkuð víða en yfirleitt ekki nema sem einfaldur stígur, nú kindatroðningur. Gatan virðist víðast hvar horfin undir yngri veg. Hún sést norðan við Skarðsmýri þar sem hún liggur yfir hálsa sem eru samfastir Litla-Skarðsmýrarfjalli. Hún er óglögg í mýrunum norðan Hengladalaár en sést glögg í Svínahlíð austast í Fremstadal. Þaðn má svo rekja hana næstum alla leið á Brúnkollublett nyrðri.<sup>35</sup>

### Verndunarforsendur

Leiðin er að mestu komin undir seinni tíma veg og er einungis einfaldur troðningur þar sem hún er sýnileg. Verndargildi hennar er lítið en mikilvægt að upplýsingum hefur verið safnað um hana og hún skráð.

---

<sup>32</sup> Birna Lárusdóttir. Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhállsvæði. Fornleifastofnun Íslands. FS327-06261. Reykjavík 2006. Bls. 20-21.

<sup>33</sup> Örnefnaskrá. Kolviðarhóll. Örnefnastofnun.


<sup>34</sup> Þór Vigfússon. Í Árnesþingi vestanverðu. Árbók Ferðafélags Íslands 2003. Reykjavík 2003. Bls. 34.

<sup>35</sup> Birna Lárusdóttir. Fornleifakönnun vegna virkjanaáforma við Hverahlíð og á Ölkelduhállsvæði. Fornleifastofnun Íslands. FS327-06261. Reykjavík 2006. Bls. 29.

## 2.15 Vörðuð leið

### Heimildir

Vörðuð leið liggur frá norðurhlíðum Skarðsmýrarfjalla, til suðausturs að þeim stað þar sem neyðarskýli stóð áður við Þjóðveg 1. Þar kemur leiðin inn á hina fornu leið, Hellurnar, sem gengur yfir heiðina frá vestri til austurs. Vörðurnar, sem liggja með leiðinni, voru hlaðnar árið 1983 af skátum úr Reykjavík. Eftir að Þjóðvegurinn var færður norðar á heiðinni um 1970 varð þetta gönguleið þvert yfir heiðina.<sup>36</sup>



Mynd 22. Vörðuð leið, nýleg, austan við Hellurnar. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, Kristinn Magnússon, 2008.

<sup>36</sup> Orri Vésteinsson: *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps. Fornleifaskráning á Hengilssvæði III*, 38.

## Lýsing

Leiðin er slóði sem markast hefur í mosavaxið hraunið undan fótum manna. Vörður eru með um 50 m millibili meðfram leiðinni. Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.

## Verndarforsendur

Um er að ræða nýlega gönguleið sem ekki hefur gildi sem fornleifar þó hún sé tekin með í þessari skrá enda mjög áberandi í umhverfinu.

## 2.16 Skógarmannavegur

### Heimildir

Skógarmannavegur, Skógargata eða Suðurferðagata sameinaðist leiðinni Milli hrauns og hliðar í Fremstadal undir Svínahlíð. Lá þaðan um Smjörpýfi að Þurá.

Úr Hjallasókn austanverðri var fjölfarin leið á Hellisheiði. Heitir hún Suðurferðagata. Hún liggur milli Háaleita, hjá Hliðarhorni, og þaðan austur á Þjóðveginn rétt fyrir vestan loftið, hjá 40-km steininum. Ennfremur lá gata inn með Hverahlíðinni að Einbúa, og frá honum norður á Þjóðveginn, austan við Láguhlíð.<sup>37</sup>

Leiðin var farin þar til vagnfær leið var rudd af Þjóðveginum fyrir neðan Kamba út í Hjallasókn. Það mun hafa verið upp úr 1910.<sup>38</sup>

## Lýsing

Leiðin er víða sýnileg undir Hverahlíð norðan Skálafells og eins austan við fjallið. Um er að ræða u.þ.b. 30 cm rásir í grasigrónu landi. Rásirnar liggja víða nokkrar samsíða og eru sumsstaðar allt að 30 til 40 cm djúpar. Leiðinni var ekki fylgt á vettvangi en lega hennar skoðuð á loftmynd. Er færð inn á loftmyndina sem heil lína þó ekki sjáist allsstaðar marka fyrir henni á myndinni.


## Verndunarforsendur

Leiðin er ágætis dæmi um veg frá síðustu öldum þar sem hún er sýnileg. Hún er ekki uppbyggð eða rudd en hefur myndast við troðning hesta og manna. Æskilegt væri að varðveita þá hluta leiðarinnar sem enn eru sýnilegir en mestu skiptir þó að hún hefur verið skráð og kortlögð.

---

<sup>37</sup> Eiríkur Einarsson. Örnefnaskrá. Hellisheiði. Örnefnastofnun.

<sup>38</sup> Örnefnaskrá. Örnefnalýsing Þóróddsstaða. Örnefnastofnun.



## 2.17 Rétt við Orustuhól

### Heimildir

Í bókinni Göngur og réttir er fjallað um réttir við Orustuhól. Þar segir að gömul munnmæli hermi að Mosfellssveitarmenn og Ölfusingar hafi haft sameiginlega rétt á Helluheiði eins og hún er kölluð. Þegar Mosfellingar vildu ekki lengur sækja réttir í land Ölfusinga kviknaði fyrst rígur en síðan fullur fjandskapur milli manna í sveitarfélögunum sem endaði með því að þeir börðust í réttunum. Heitir þar Orustuhóll og Orustuhólshraun frá þessum tímum og voru réttirnar kallaðar Orustuhólsréttir upp frá því. Í bókinni segir jafnframt að rústir réttanna sjáist ekki lengur enda hafi Hengladalaáin gegnum aldir borið sand og mól upp á bakka sína og þannig flytt fyrir því að leifar af réttum þessum hyrfu í jörðu. Svo er þó að sjá sem réttirnar hafi verið sýnilegar árið 1878. Þórður Sigurðsson, sem ritar um Orustuhólsrétt í Göngur og réttir, segir í frásögn sinni frá því að það ár hafi honum verið sýndar rústir réttanna. Hafi þá séð vel fyrir þeim þó skröð væru komin í vegghleðslur. Bæði mátti greina almenning og dilka, suma allstóra. Almenningsdyr snéru í átt að Hengli.<sup>39</sup>

### Lýsing

Suðvestan við Orrustuhól er hraungjá. Þar er ætlað að meint rétt hafi verið. Í gjánni er grjóthrúga, 10,6m x 3,2m, liggur NNV-SSA. Líklega er þetta veggur sá sem talin er hafa

<sup>39</sup> Þórður Sigurðsson: "Leiðir og réttir Ölfusinga. Réttir", 301-302.

myndað aðhald í gjánni en erfitt er, ef ekki ómögulegt, að segja um hvort mannaverk sé þar á, þetta gæti allt eins verið hrun.


### Verndunarforsendur

Óvist er að nokkuð sé eftir af þessum réttum og því kunna heimildirnar einar að vera eftir til minja um þær. Af frásögnum að dæma getur þó verið að rústir réttanna hafi horfið undir jarðveg og leynist því undir sverði. Ganga þyrfti úr skugga um hvort grjóthrúgan sem fannst sé hluti af vegg úr réttunum eða náttúrumyndaður.

## 2.18 Áveita

### Heimildir

Í örnefnalýsingu Eiríks Einarssonar fyrir Hellisheiðina segir að um margra ára bil eða áratuga skeið, í kringum aldamótin 1900, hafi Hengladalaá verið veitt vestur í hraun um sláttinn til að koma í veg fyrir heyskaða af völdum flóða úr ánni. Stífla var gerð í ána sunnan við Smjörþyfi og Orustuhólshraun og henni veitt vestur á Hellisheiði. Brú var gerð yfir farveginn sem kölluð var Loft.<sup>40</sup>



Mynd 23. Sýnir staðsetningu áveituskurða við Hengladalaá. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir 2008.

<sup>40</sup> Eiríkur Einarsson. Örnefnaskrá. Hellisheiði. Örnefnastofnun.

## Lýsing

Um 480m austur af Orustuhól eru áveituskurðir (nr. 283) sem liggja austur í Hengladalaá. Hér er um 20. aldar mannvirki að ræða. Stóri skurðurinn sem er um 278 m á lengd, 12m á breidd og 0,5m á dýpt er án vafa vélgrafinn. Einn skurður sem er 82m á lengd og 6m á breidd liggur norður úr þeim stóra. Annar minni skurður, 36m á lengd og 2m á breidd, liggur suður úr þeim stóra. Líklega eru þessi minni skurðir eldri og gætu verið handgrafnir.



Mynd 24. Áveituskurður. Sólborg Una Pálsdóttir 2008.


## Verndunarforsendur

Áveituskurðirnir eru minjar frá þeirri tíð þegar engjar voru slegnar og gras af þeim nýtt til vetrarfóðurs. Skurðirnir sýna hversu mikilvægar engjarnar voru og hvað menn voru tilbúnir að leggja á sig til að hafa sem mest not af þeim. Skurðina ætti að varðveita sem athyglisvert dæmi um þennan þátt lífsbaráttunnar í landinu.

## 2.19 Tvö byrgi á Innbruna

### Heimildir

Engar heimildir hafa fundist um þessi byrgi.



Mynd 25. Tvö skýli milli Litla-Meitils og Sanddalahlíðar. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

### Lýsing

Milli Litla-Meitils og Sanddalahlíðar liggur hraunbreiða sem nefnist Innbruni. Í hrauninu, nær Sanddalahlíðinni eru tvö byrgi. Syðra byrgið (nr. 357, mynd 25 og 26) er grjóthlaðið, 3m x 2,7m að stærð og liggur NV-SA með op í NV. Breidd veggja er um 0,8m. Um 38 m NV af fyrrnefndu byrgi er önnur álíka grjóthlaðin tóft (nr. 358, mynd 25 og 26). Hún er um 3m x 2,1m, skeifulaga með op í vestur.

Þessi staður verður að teljast undarleg staðsetning fyrir fjárskýli, smalakofa og þess háttar. Ekki er að finna stingandi strá né vatn við þennan stað. Mögulega gæti því verið um einhvers konar skotbyrgi að ræða fyrir t.d. refaskyttur en nánari heimildir vantar til að skera úr um það.



Mynd 26. Byrgin tvö milli Litla-Meitils og Sanddalahlíðar. Sólborg Una Palsdóttir 2008.

### Verndunarforsendur

Byrgin eru sennilega einhvers konar skýli sem hlaðin hafa verið á 20. öld. Verndargildi þeirra er lítið. Staðsetning þeirra, stærð og lögun hefur verið skráð og upplýsingu um tilvist þeirra því haldið til haga til framtíðar.

## 2.20 Undir Litla-Meitli – rétt/aðhald

### Heimild

Eiríkur Einarsson skrifaði grein í 1. tbl. Farfuglsins árið 1975 sem hann nefndi Örnefni á afrétti Hjallasóknar í Ölfusi. Þar segir hann frá fjárrétt í svokölluðum Kvíum sem notuð var við vorsmalanir. Kvíar eru hvílt í hrauninu austan Meitilflatar sem er stór grasflöt suðaustan undir Syðra-Meitli sem væntanlega er sama fjall og Litli-Meitill.<sup>41</sup>

Þór Vigfússon skrifar um Árnespíng vestanvert í Árbók Ferðafélags Íslands 2003. Þar talar hann um grjóthleðslurnar í Kvíum og að mannvirkið hafi verið notað til rúnings í vorsmalamennsku.<sup>42</sup>

<sup>41</sup> Eiríkur Einarsson: "Örnefni á afrétti Hjallasóknar í Ölfusi", 12.

<sup>42</sup> Þór Vigfússon: "Í Árnespíngi vestanverðu", 44.



Mynd 27. Aðhald (nr. 359) undir Litla-Meitli. Sólborg Una Pálsdóttir 2008.


### Lýsing

Vestan við hraunbreiðuna Innbruna, og austan við Litla-Meiti er stór náttúruleg skál eða sprunga með grasi grónum botni. Myndar afar hentugt aðhald og hefur verið góður áfangastaður. Suðvestan í sprungunni, utan í klettavegg er lítill, L-laga veggur sem myndar aðhald eða litla rétt. Veggurinn er 4,2m x 6 m með op í suður. Breidd veggja er um 1m. Mannvirkið (nr. 359) er ekki fornlegt að sjá og hefur augljóslega verið viðhaldið á síðari tímum. Meira að segja má sjá að sums staðar hefur froðueinangrun verið sprautað á milli steinanna.

Um 82 m SSV er hringlaga eldstæði, úr einfaldri steinaröð sem Fornleifastofnun Íslands ses hefur skráð sem fornleifar. Hér er dregið í efa að eldstæðið sé það gamalt að það flokkist til fornleifa, enda megi sjá nýlega brenndar spýtur þar.

### Verndunarforsendur

Réttin er sennilega ekki mjög gömul. Hún er engu að síður ágætis dæmi um aðhald sem gerð voru til að safna fé í þegar það var rúið. Þá sýnir hún einnig hvernig náttúrulegar aðstæður voru nýttar við gerð slíkra mannvirkja en eins og kemur fram í lýsingunni hér að ofan var klettaveggur notaður sem hluti réttarinnar. Frekari rannsóknir á réttinni myndi sennilega ekki gefa meiri upplýsingar um notkun hennar en gætu þó staðfest að fé hafi verið haft í réttinni.



Mynd 28. Minjar við Litla-Meitiil og Votaklett. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

## 2.21 Þorlákshafnarsel – Sel

### Heimildir


Sagt er að frá fornu fari hafi jörðin Þorlákshöfn átt selstöðu á jörðinni Breiðabólstað sem á móti hafði skipsuppsátur í Þorlákshöfn í vertíðum. Ekki er ljóst hversu gamalt selið er en minnst er á það í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem tekin var saman í byrjun 18. aldar.<sup>43</sup> Í Sögu Þorlákshafnar sem kom út 1988 er selinu lýst svo:

Rústirnar eru vallgrónar en skýrar. Aðalhúsið, sem sýnist vera, er um 4 m á lengd og 2 m á breidd, líklega selbaðstofan, en af enda hennar er örlítið hús, sem gæti hafa verið eldhús, en til hliðar og nær skútanum er þriðja húsið, ef til vill mjólkurhús, rösklega 3 m á

<sup>43</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók II*, 434. - Eiríkur Einarsson. Örnefnaskrá. Hellsheiði. Örnefnastofnun.

lengd. Fyrir sunnan aðalhúsið er sérstakt hús, um 3 m á lengd og 1.5 m á breidd, en við enda þess örlitill kofi, sem gæti hafa verið smalabyrgi eða hundakofi.<sup>44</sup>

Rústirnar voru friðlýstar af þáverandi þjóðminjaverði, Þór Magnússyni, 21. janúar 1976. Friðlýsingunni var þinglýst 16. júní árið eftir.<sup>45</sup>



Mynd 29. Þorlákshafnarsel eða Hafnarsel. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Lýsing

Vestan undir Votakletti, austan við akveg, eru friðlýstu fornleifarnar. Syðst er grjóthlaðinn veggur sem liggur utan í móbergskletti (austan í honum) (nr. 360). Veggurinn er um 8,5m x 2,9 m að stærð, liggur N-S með op í suður, breidd veggja um 1,5 m. Eflaust er hér um einhvers konar aðhald fyrir skepnur að ræða.

Um 65 m NA af þessu aðhaldi eru megin-seltóftirnar. Þær liggja vestan undir Votakletti. Tóftin (nr. 361 er grasi gróin og mosavaxin, og sker gróður sig ekki úr umhverfinu. Tóftin er 14,5 m x 11 m að stærð með 5 hölfum að því virðist. Greinanlegir inngangar eru að NNA, NNV og V. Glittir sums staðar í grjóthleðslur í veggjum.

Um 2 m sunnan við fyrrnefnda tóft er litil, skeifulaga tóft (nr. 362), líklega með tveimur hölfum. Tóftin er 3,8m x 3m að stærð með op í norður. Tóftin er mjög sokkin, hæð veggja aðeins um 30 cm. Hún grasi gróin og mosavaxin en engar grjóthleðslur greinanlegar í veggjum.

<sup>44</sup> Skúli Helgason: *Saga Þorlákshafnar til loka áraskipaútgerðar*, 51.

<sup>45</sup> Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, 77.

Um 570 m NNV af seltóftunum, við Hrafnaklett, er lítil steinhleðsla um 1,5 m x 1,4 m að stærð (nr. 363). Líklega er um vörðubrot að ræða, hlaðin úr sandsteini. Smá mosi er á steinum en hleðslan virðist yngri en seltóftirnar.



Mynd 30. Tóftir Þorlákshafnarsels. Sólborg Una Pálsdóttir 2008.


### Verndunarforsendur

Þótt hluti rústanna sé nokkuð sokkinn eru þær þó vel sýnilegar. Rústirnar gefa góða mynd af mannvirkjum sem notuð voru þar sem selbúskapur var stundaður. Slíkar tóftir hafa lítið verið rannsakaðar hér á landi og því hafa seljarústir sem þessar töluvert rannsóknargildi. Rústirnar eru staðsettar mjög nærri fjölförnum vegi um Þrengslin. Þarna er því upplagt tækifæri til að gera áningastað við veginn og setja upp upplýsingaskilti um líf og störf fólks í seljum.

### 2.22 Ölkelduhálsrétt

#### Heimildir

Á skilti sem sett hefur verið upp við réttina eru upplýsingar um hana. Ölkelduhálsrétt var byggð vorið 1908 og var í notkun eitthvað fram yfir 1930. Hún mun hafa verið notuð til vorsmölunar. Þrisvar var smalað í réttina á hverju vori. Fyrst var geldfé smalað, þá var smalað til mörkunar og síðast til rúnings.



Mynd 31. Ölkelduhálsrétt. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008.

### Lýsing

Ölkelduhálsrétt (nr. 785) liggur vestarlega í lægð á milli Ölkelduhálss og Ölkelduhnúks, svolítið vestar en Ölkelduhnúk sleppir. Um 100 m austan við réttina er stór leirhver og í honum ljósgrár bullandi leir. Akfær vegur liggur upp í skarðið milli Ölkelduhálss og Ölkelduhnúks. Hann sveigir til suðurs þegar niður úr skarðinu kemur. Réttin er um 100 m sunnan og austan við veginn þar sem hann hlykkjast niður hliðina. Á veginum í hliðinni er hlið sem myndað er af tveimur jarnstólpum. Réttin er um 100 m austur af hliðinu. Réttin stendur á grýttum bala sem hallar til vesturs. Gras og mosi er á milli steina. Hún er 25,8m x 18,4m að stærð og liggur NV-SA. Réttin skiptist í þrjú hólf. Eitt hólfanna er lang stærst. Minni hólfín eru byggð utan í stóra hólfíð, annað við suðaustur horn stóra hólfíns en hitt norður af stóra hólfínu. Réttin er hlaðin úr grágrýtissteinum sem eru 10 – 50 cm í þvermál. Hleðslan er að mestu hrunin og víðast standa aðeins 1 – 3 hleðsluraðir. Inni í minni hólfunum er gras og mosi en stóra hólfíð er að mestu moldar eða leirflekur. Veggir aðalhólfíns og austurhólfíns eru 40 – 80 cm háir en veggir norðurhólfíns nokkru lægri

eða 10 – 30 cm. Ekki er opið milli hólfanna og engin sýnilegur inngangur er í litlu hólfín. Inngangur hefur verið í norðvestur-hlið stóra hólfinsins.



Mynd 32. Ölkelduhálsrött. Horft í austur. Ölkelduhnúkur til hægri og Ölkelduháls til vinstri.

### Verndunarforsendur


Veggir réttarinnar eru að mestu hrundir en þó er stærð hennar og form greinilegt. Vegna aldurs er réttin á mörkum þess að teljast til fornleifa skv. þjóðminjalögum en þar segir að minjar 100 ára og eldri teljist til fornleifa. Það er mjög sterk upplifun að koma á þennan stað. Einkum vegna þess að réttin er staðsett á miðju hverasvæði. Ekki er hægt annað en að undrast hvers vegna þessi staður var valinn m.a. vegna þess að því hlýtur að hafa fylgt talsverð áhætta að reka fé fram hjá bullandi hverum inn í réttina.

## 2.23 Öxnalækjarsel, Neðrasnið og Efrasníð

### Heimildir

Öxnalækjar-Seldalur liggur austan í Helliðinni. Dalurinn er rétt ofan við þjóðveginn þar sem hann liggur ofan af heiðinni og niður að Hveragerði. Vegurinn liggur í fyrstu til norðurs en síðan er á honum u-beygja og stefnir hann eftir það til suðurs á kafla. Dalurinn er ofan við veginn á þessum kafla. Dalurinn, eða gllið, er vaxið grasi og lyngi. Hann er um 50 m breiður. Neðarlega í honum liggur grasivaxinn hraunhryggur þvert fyrir dalinn. Sunnan megin í dalnum eru tvær stakar töftir og aðrar tvær norðan megin.

Austur af þjóðveginum niður Kamba, suðvestan svokallaðra Árhólma eru örnefnin Neðrasnið og Efrasníð. Þar mun hafa legið gata sem tengdist ferðum til Öxnalækjarsels og ferðum að Hengladalaá.



Mynd 33. Öxnalækjarsel. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Lýsing

Dalurinn liggur í austur-vestur, tvær tóftir liggja utan í norðurhlið dalsins og tvær í suðurhliðinni. Nyrst og vestast er lítil tóft (nr. 761), um 5,3m x 4,7m að stærð, grasi gróin og mosavaxin. Tóftin liggur utan í mosavaxinni hraunbrún sem myndar eitt vegg mannvirkisins. Op í austur. Glittir í hleðslusteina í veggjum. Um 4m austar er önnur tóft (nr. 762), 7,4m x 5,6m að stærð. Hún liggur NA-SV með op á NV-langhlið. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin. Það glittir í stöku steina í veggjum. Vegghæð er um 50 cm.

Um 27m í NNA, hinum megin í þessum litla dal er þriðja tóftin (nr. 763) og sú stærsta. Hún er 9,5m x 6,5m að stærð, liggur sem næst A-V, með inngangi á suðurhlið. Greina má þrjú hólf. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin.

Við hlið þessarar tóftar, um 1,6m SA við hana, er fjórða tóftin (nr. 764). Hún er 4,5m x 4,5m að stærð og nánast alveg hringlaga. Eitt hólf greinanlegt og inngangur að vestan. Tóftin er grasi gróin og mosavaxin. Glittir í stöðu steina í veggjum. Vegghæð um 40 cm.

Vestan við dalinn má greina götubút (nr. 766), um 58m á lengd sem liggur A-V og hefur visast legið að selinu. Ekki er ólíklegt að finna megi fleiri visbendingar um þessa götu.



Mynd 34. Öxnalækjarsel. Rústirnar sjást sinhvoru megin í lautinni. Þjóðvegur 1 og Hveragerði í baksýn. Kristinn Magnússon 2008.

### Verndunarforsendur

Rústirnar eru tæpa 200 m vestan og ofan við Þjóðveg 1 þar sem hann hlykkjast niður Kamba. Þær eru vel sýnlegar þannig að auðvelt er að gera sér grein fyrir stærð þeirra og lögun. Rústir selja hafa lítið verið rannsakaðar hér á landi og hafa því töluvert rannsóknargildi. Staðsetning rústanna svo nærri Þjóðvegi 1 veita tækifæri til að gera áningastað við veginn og setja upp upplýsingaskilti um tóftirnar og nýtingu þeirra mannvirkja sem þarna stóðu fyrir á öldum.


## 2.24 Lambabyrgi

### Heimild

Samkvæmt örnefnaskrá Vorsabæjar eru leifar lambabyrgis á Hraunbrúninni, "norðaustan við Nikulásar-tóft." <sup>46</sup> Lambabyrgi er byggt í ofanverðri hraunbrún sem er um 3 – 4 m há. Niður undan byrginu er grasi gróin brekka.

---

<sup>46</sup> Þórður Ögmundur Jóhannsson. Vorsabær. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.



Mynd 35. Lambabyrgi (750) og Nikulásartóft (751). Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008.  
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Lýsing

Tóftin er staðsett um 80 – 100 m suður af malarvegi sem liggur inn að hesthúsahverfi Hvergerðinga (nr. 750). Hún er rúma 100 m SA við Nikulásartóft (nr. 751). Tóftin er 10m x 6m, liggur V-S. Vegg hæð er um 1 m og inngangur í A-enda. Nokkrum trjáhrislum hefur verið plantað í mólendið neðan við hraunbrúnina. Hlaðið úr hraungrjóti sem er 10 – 50 cm í þvermál. Hleðslurnar standa vel.



Mynd 36. Lambabyrgi. Kristinn Magnússon 2008.

### Verndunarforsendur

Aðhaldið er sennilega ekki mjög gamalt. Það er engu að síður ágætis dæmi um aðhald af þessari tegund. Veggirnir eru vel hlaðnir og enn heillegir. Frekari rannsóknir á aðhaldinu myndu sennilega ekki gefa meiri upplýsingar um notkun þess en gætu þó staðfest að fé hafi verið haft í aðhaldinu. Aðhaldið er nálægt vegi sem liggur inn að hesthúsahverfi Hvergerðinga og því gott aðgengi að því. Trjáplöntum hefur verið plantað neðan við aðhaldið svo að væntanlega mun það hverfa úr auglýn frá veginum þegar trén vaxa upp.

## 2.25 Nikulásartóft

### Heimild

Samkvæmt örnefnaskrá Vorsabæjar er Nikulásartóft leifar af sauðahúsi Nikulásar Gíslasonar, bónda í Vorsabæ. Tóftin stendur upp á Hraunbrúninni en svo var brúnin á hrauninu vestan Vallarins kölluð.<sup>47</sup>

Nikulás Gíslason var fæddur á Kröggólfsstöðum árið 1833. Hann giftist Ragnheiði Diðriksdóttur árið 1872. Þau bjuggu á Krossi frá 1874 til 1881 og í Vorsabæ 1883 til 1900. Nikulás dó 1. ágúst 1905.<sup>48</sup>

<sup>47</sup> Þórður Ögmundur Jóhannsson. Vorsabær. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

<sup>48</sup> Eiríkur Einarsson: *Ölfusingar. Búendatal Ölfushrepps 1703-1980*, 146 -147.

## Lýsing

Nikulásartóft (nr. 751) stendur ofan á hraunkanti, nærri brún hans, um 100 m suðvestan við malarvegi sem, liggur að hesthúshverfi Hvergerðinga. Umhverfis tóftina er hraun vaxið mosa og lyngi. Furutrjám hefur verið plantað í nágrenni tóftarinnar. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti, 9m x 7m að stærð og liggur NA-SV. Inngangur hefur verið á SA-gafli. Vegg hæð er um 60 cm. Botn tóftarinnar er grasi vaxin en veggir vaxnir mosa og lyngi.




Mynd 37. Nikulásartóft. Kristinn Magnússon 2008.

## Verndunarforsendur

Tóftin er ekki mjög gömul en vitað að hún var notuð sem sauðahús og að hún er kennd við Nikulás Gíslason bónda í Vorsabæ. Tóftin stendur á fallegum stað á hraunkantinum en er lík ótal rústum af sömu gerð. Hún hefur lítið rannsóknar- og varðveislugildi.

## 2.26 Fjárhústóft á Hofmannaföt



Mynd 38. Tóft á Hofmannaföt. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008.

### Heimildir

Samkvæmt örnefnaskrá Reykjakots er Hofmannaföt slétt flöt sem var slegin en þar voru fjárhús í seinni tíð.<sup>49</sup>


### Lýsing

Hofmannaföt er norðan við Hengladalaá skammt vestur þar af sem Grændalsá rennur í hana. Flötin er nokkuð stór, rennislétt og hallar svolítið til suðurs. Á henni miðri er ferhyrnd grjóthlaðin tóft (nr. 741) sem minnir meira á gerði en fjárhús. Tóftin er 10,4m x 8,8m að stærð og snýr NA-SV. Ekki er mikið eftir af grjóthleðslunni. Inngangur er austan megin á suðvesturgafli. Í suðurenda tóftarinnar, til hliðar við innganginn er hrúga af steinum og gamall gaddavír.

<sup>49</sup> Þórður Ögmundur Jóhannsson. Reykjakot. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

## Verndunarforsendur

Telja verður ólíklegt að minjarnar sem hér eru skráðar séu eftir fjárhús. Líklegra er að um sé að ræða gerði. Það er væntanlega ekki mjög gamalt. Gerðið stendur á fallegum stað á grasflöt undir Rjúpnabrekkum. Það hefur lítið rannsóknar- og varðveislugildi.



Mynd 39. Stekkatún eða Grændalsvellir. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### 2.27 Tóftir á Stekkatúni

#### Heimildir

Samkvæmt örnefnaskrá Reykjakots er Stekkatún grónar brekkur austan í litlu gili. Þar voru sauðahús frá Reykjakoti sem enn megi sjá leifar af. Til eru frásagnir um að á þessu svæði hafi verið býlið Grændalsvellir en það hafi verið komið í eyði árið 1703. Leifar Grændalsvalla hafa aldrei fundist en sú tilgáta hefur verið uppi að Stekkatún og Grændalsvellir séu sami staðurinn.<sup>50</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að Grændalsvellir hafi verið hjáleiga frá Reykjum. Þar hófst búskapur í lok 17. aldar en stóð aðeins í fjögur ár. Eftir að jörðin fór í eyði var hún notuð fyrir stekkatún frá Reykjakoti. Landskuld af hjáleigunni var

<sup>50</sup> Þórður Ögmundur Jóhannsson. Reykjakot. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

40 álnir en leigukúgildi ekkert. Í Jarðabókinni segir að ekki sé hægt að taka upp búskap á jörðinni að nýju nema jörðinni til skaða.<sup>51</sup>

### Lýsing

Sunnan úr Dalfelli gengur rani sem liggur með fram Grændalsá í um 50 - 100 m fjarlægð frá ánni. Raninn mjókkar mikið í endann. Ofan á rananum er grasi vaxinn bali en bæði norðan og sunnan megin eru brattar brekkur út af rananum, um 5 – 10 m háar. Fremst á rananum þar sem hann er því sem næst láréttur eru þrjár tóftir. Engin þessara tófta né aðrar á svæðinu líkist bæjarhúsatóftum svo hafi bær einhvern tíma staðið á Stekkatúni þá eru rústir hans horfnar.

Löng og mjó tóft liggur fremst á rananum (nr. 742). Vesturendi hennar og hluti suðurhlíðar er horfinn en við tekur snarbrött brekka. Tóftin er algerlega vaxin grasi. Brekkan er grasi vaxin svo ekki sér í rof og virðist því langt síðan brotnaði af tóftinni. Hún er 9,6m x 6,4m að stærð, liggur NA-SV, op í SV. Vegg hæð er mest 40 cm.

Um 1,7 m norðaustar er önnur tóft (nr. 743), ferhyrnt, 6,8m x 5,1m að stærð og liggur NA-SV. Engin inngangur er greinanlegur en greina má hvilt í miðju tóftarinnar. Hún er mjög grasi gróin.

Um 2m NV er þriðja tóftin (nr. 744). Hún er 6,8m x 6,8m að stærð, nánast hringlaga. Enginn inngangur er greinanlegur. Tóftin virðist yngri en hinar tvær, t.d. er vegg hæð hennar nokkuð meiri eða 1m og greina má steinahleðslu að innanverðu.



Mynd 40. Tóftir á Stekkatúni fyrir miðri mynd. Ármót Grændalsár og Hengladalaár og hesthúsahverfi Hvergerðinga í baksýn. Kristinn Magnússon 2008.

<sup>51</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók II*, 401.

Um 28,6m í NA er fjórða tóftin (nr. 745), 13,6m x 7,6m að stærð og liggur NNA-SSV. Eitt hólf og með inngangur á SSV-hlið. Tóftin er grasi gróin en greina má steinhleðslur í veggjum að innanverðu. Vegghæð um 0,8-1m. Um 10,6m SAA er fimmta tóftin (nr. 746). Hún er 11,4m x 7,5m að stærð, liggur sem næst N-S. Inngangur hefur verið vestan megin á langhlið. Tóftin er grasi gróin en greina má steinahleðslur í veggjum að innanverðu. Vegghæð 0,8-1m. Tóftirnar tvær í brekkunni eru tengdar saman með garðlagi (nr. 747). Garðlagið er 12m á lengd og um 3m á breidd. Vegghæð um 10-30cm. Er vaxin grasi en þó sér í grjót. Á garðlaginu er viknilbeygja.


### Verndunarforsendur

Umhverfið sem tóftirnar standa í er mjög fallett. Grasi gróin rani meðfram Grændalsá þaðan sem útsýni er yfir árnar, Grændalsá og Hengladalaá, vellina sunnan ána og upp á Hellisheiðina til suðvesturs. Tóftirnar mynda skemmtilega rústabyrpingu. Ekki er ljóst til hvers þær voru nýttar en eflaust er hér um útihúsatóftir að ræða. Rannsóknir á staðnum myndu geta gefið betri vísbendingar um notkunina. Rústirnar eru vel grónar og ekki í neinni hættu. Stuttur gangur er að þeim og því möguleikar á að kynna þær fyrir almenningi.

## 2.28 Tóftir undir Vesturmúla

### Heimildir

Engar heimildir hafa fundist um þessar tóftir.




Mynd 41. Nyrðri tóftin undir Vesturmúla. Uppmæling Kristinn Magnússon 2008

## Lýsing

Undir Vesturmúla sem er vestan í Tindum eru tvær tóftir sem byggðar hafa verið inn í grasbrekkuna. Nyrðri tóftin er um 80 m suðaustur af Grændalsá en sú syðri um 300 m NNA af hesthúsahverfi Hvergerðinga. Um 340 m eru á milli tóftanna.

Tóft (nr. 748) sem er norðar liggur í graslendi neðst í brekkufætinum undir múlanum. Hún er grafin inn í brekkuna þannig að brekkan myndar austurlanghliðina. Þar ofan á liggur reiðvegur. Tóftin er 11 x 7 m að utanmáli. Veggir hennar eru útflattir, um 3 – 4 m á breidd. Um 4 m breitt op snýr í vestsuðvestur.



Mynd 42. tóftin undir Vesturmúla. Uppmæling Kristinn Magnússon, 2008.

Um 340 m SSA er önnur tóft (nr. 749). Hún liggur líkt og hin í brekkufætinum og er grafin inn í brekkuna þannig að brekkan myndar austurhlíð hennar. Tóftin er beint undir kletti sem er sá neðsti í þessari hlíð múlans. Rafmagnsgirðing liggur vestan við rústina, meðfram hlíðinni og alveg við tóftina. Tóftin er á kafi í grasi. Tóftinni er skipt í tvö hól. Eitt aðalhól en út frá því liggur langt og mjótt hól til suðurs. Hún er um 12m x 7,4m að stærð og inngangur í suðurenda.



Mynd 43. Minjar norðan við hesthúsahvefi. Loftmynd frá Loftmynd ehf.

### Verndunarforsendur

Miðað við útlit rústanna eru þær sennilega frá sama tíma og nokkuð gamlar enda töluvert signar í jörðu. Þær láta ekki mikið yfir sér og eru ekki mikið fyrir augað. Hafa ekki mikið varðveislugildi en þó ætti ekki að raska þeim án þess að fram færi rannsókn á þeim sem hugsanlega gæti gefið vísbendingar um nýtingu þeirra mannvirkja sem þarna stóðu.

## 2.29 Tóftir undir vesturhlíð Reykjafjalls



Mynd 44. Staðsetning fornleifa undir vesturhlíð Reykjafjalls. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Heimildir


Undir vesturhlíð Reykjafjalls eru nokkrar tóftir útihúsa sem ekki virðast mjög gamlar. Engar beinar heimildir hafa fundist um þessar tóftir en þær tengjast örugglega búskap á svæðinu á 19. og jafnvel 20. öld.



Mynd 45. Tóft við garðyrkjuskólann. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Lýsing

Nyrsta tóftin (nr. 783) er í grasi gróinni brekku undir hlíðum Reykjafjalls, um 100 m fyrir ofan skólahús garðyrkjuskólans. Kringum tóftina eru timburraftar og bárujárn. Tóftin er 14,3m x 5m, liggur SV-NA og er með tvö hólf. Inngangur er á SV-skammhlið en einnig á SA-langhlið. Hún er grasi gróin en hreinsað hefur verið utan af steinhleðslum að innanverðu. Nýleg klömbruhleðsla er í vesturenda tóftarinnar og virðist hún notuð við kennslu eða æfinga í hleðslutækni.



Mynd 46. Tóftir við Stórkonugil. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Neðst í fjallshliðinni, við Stórkonugil, sem liggur upp frá húsum Náttúrulækningafélags Íslands eru þrjár tóftir. Syðsta tóftin (nr. 780) er á milli reiðstígs og göngustígs. Tvö afhýsi eða hólfr eru byggð utan í þessa tóft. Tóftin er 11,7m x 10,4m að stærð og vegghæð um 1,4 m. Sérinngangur eru inn í öll hólfin, sem sagt tveir inngangar að SV og einn á NV-hlið.


Um 40m NV, vestan gilsins, stendur tvíhólfa tóft (nr. 782). Hún er 10,3m x 7.9m að stærð og vegghæð um 1m. Göngustígur liggur við hana að austanverðu. Gengið er inn í bæði hólfin að suðvestanverðu. Syðri langveggurinn á syðra hólfinu er byggður úr tveimur stórum steinum, um 1 m í þvermál.

Þriðja tóftin liggur um 10 m norðar og ofar í brekkunni. Hún er 11m x 6,8m og liggur NA-SV. Inngangur er á SV-hlið, vegghæð um 1m. Göngustígurinn liggur milli tóftanna. Ofan við þriðju tóftina og til hliðanna vaxa grenitré. Greinar þeirra eru vaxnar yfir veggji tóftarinnar. Allar eru tóftirnar hlaðnar úr grágrýti og grasi vaxnar þó vel sjáist í steinhleðslurnar.

### Verndunarforsendur

Allar eru tóftirnar minjar útihúsa frá 19. eða 20. öld. Háir steinhlaðnir veggir tóftanna gera þær mjög greinilegar og skemmtilegar á að horfa. Varðveislugildi þeirra felst fyrst og fremst í því að þær standa við gönguleið sem örugglega er mjög vinsæl m.a. af þeim fjölmörgu sem gista Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði. Tilvalið væri að koma upp skiltum við tóftirnar þar sem þær væru kynntar. Fjarlægja þarf grenitré sem eru að vaxa yfir eina tóftina og gæta þess að trjágróður kæfi ekki rústirnar.

## 2.30 Leið og minjar í kringum Stekkjarhól austan Hveragerðis



Mynd 47. Götur og minjar við Stekkjarhól. Uppmæling Kristinn Magnússon, Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.


### Heimildir

Eftirfarandi upplýsingar um Múlagötu eru fengnar úr gögnum frá Birni Pálssyni skjalaverði á Hérðasskjalasafni Árnesinga. Múlagata er forn leið sem fer af götunni milli Sogns og Reykja í Múla-kvos. Gatan er í austurjaðri Eystri-Múla, um 25-30 m frá merkjum. Gatan krækir fyrir suðurenda Eystri-Múla, aðeins til norðurs yfir Vallagil. Líklega hefur verið ein aðalgatan en einnig eru merki um aðra götu. Gatan er greinileg skömmu áður en komið er nyrst á Stekkjahól og þaðan að Miðhól en nyrst í honum er hún grópuð í móbergið. Liggur niður með vesturjaðri Miðhóls og hefur mætt, neðan hans, götu frá Klifinu til Torfeyrar.

Í örnefnaskrá er einnig minnst á þessar götur en auk þess er minnst á stekk við Kross-Stekkatún og Grænutættur sem er þýfður mót vestan Kliflækjar.<sup>52</sup>

### Lýsing


Leiðin (nr. 735) er mælanleg frá veginum að Ölfusborgum, skammt norðan vegamóta hans og þjóðvegur nr. 1. Leiðin er austan við veginn að Ölfusborgum. Hún var mæld frá þessum stað og upp að götunni milli Sogns og Reykja. Nokkur hluti þeirrar leiðar, í átt að Sogni, var einnig mældur inn. Sú leið liggur meðfram nýlegum reiðstíg undir Mið-Múla og Eystri-Múla en hverfur undir reiðstigin þegar kemur nær Sogni. Múlagata liggur að miklu leyti í votu graslendi og víða eru 3-4 samhliða rásir á henni. Á völlum suður af Vallagili eru þústir (nr. 738 og 779) sem hugsanleg gætu verið leifar mannvirkja.



Mynd 48. Tóft og þústir við Vallagil. Uppmæling Kristinn Magnússon, Sólborg Una Pálsdóttir, 2008. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

<sup>52</sup> Þórður Ögmundur Jóhannsson. Reykjavík. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun.

Sunnan Eystri-Múla er Vallagil og Krossstekkjatún. Í giliu austanverðu er stekkjartóft (nr. 739). Vestan tóftarinnar er lækur en austan hennar klettur. Tóftin er ferhyrnd, hlaðin úr grjóti. Hún er 4,6m x 5,5m að stærð og liggur N-S. Gras hefur gróið yfir hana en þó sést víða í steina í hleðslunni sem er um 50 – 70 cm há. Dyr hafa verið í suðausturhorni. Garðlag (nr. 740) gengur norður úr tóftinni. Garðlagið er 4,2 m á lengd og 0,4m á breidd. Vegg hæð um 20-40 cm. Það er einnig hlaðið úr grjóti og nú vaxið grasi.



Mynd 49. Tóft við Eystri-Múla. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Á þýfðum grasbala rétt suðaustan við Múlagötu þar sem hún liggur austan við suðurenda Eystri-Múla er tóft (nr. 778). Tóftin er 8,3m x 5,7m að stærð og liggur NA-SV. Hún er með tvö hólf og inngangur á suðurhlið. Tóftin er á kafi í grasi en þó sést móta ágætlega fyrir veggjum hennar og formi enda vegg hæð mest um 0,6 m.



Mynd 50. Stekkjartóft í Vallargili. Kristinn Magnússon 2008.

### Verndunarforsendur

Á svæðinu eru skráðar 6 minjar. Vafi leikur á um að tvær þeirra (nr. 738 og 779) séu rústir. Ein leið, sem greinist í tvennt, liggur um svæðið. Og á því eru tvær litlar tóftir. Hlutverk annarrar er ekki þekkt en hin mun vera rúst eftir stekk og út frá henni gengur garðlag. Stekkjartóftin er falleg á að horfa og staðsetning hennar undir kletti við lítinn læk í Vallargili eykur upplifunina við að skoða hana. Rannsaka þyfti hina tóftina til að ganga úr skugga um hlutverk hennar og minjarnar tvær sem vafi leikur á að séu fornleifar til að skera úr um hvort undir lágum hólunum leynast rústir eða hvort þeir eru náttúrmyndanir.

## 2.31 Sogn í Ölfusi. Bæjarhóll og minjar tengdar búskap

### Heimildir

